

Fimmtudaginn 2. apríl 1998.

Nr. 280/1997.

**Sigurður Helgi Guðjónsson og  
Húseigendafélagið**

(Jakob R. Möller hrl.)

gegn

**Húsnæðisstofnun ríkisins**

**Sigurði E. Guðmundssyni**

**Einari Jónssyni**

**Braga Kristjánssyni**

**Hrannari Jónssyni**

**Gunnhildi Gunnarsdóttur**

**Margréti Gunnarsdóttur**

**Hrafnkeli Óskarssyni**

**Sif Guðjónsdóttur**

**Sigríði Þorgeirsdóttur**

**Guðrúnu I. Svansdóttur**

**Margréti Jónsdóttur**

**Olgeiri Möller og**

**Jóhönnu Margréti Bragadóttur**

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Stjórnarskrá. Tjáningarfrelsi. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnlaugur Claessen og Haraldur Henrysson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1997. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

**I.**

Áfrýjandinn Sigurður Helgi Guðjónsson er formaður og framkvæmdastjóri Húseigendafélagsins. Er málið sprottið af ummælum,

sem hann lét falla um Húsnæðisstofnun ríkisins og lögfræðideild stofnunarinnar í kvöldfréttatíma Stöðvar 2 28. október 1996 og í morgunfréttum Bylgjunnar 29. sama mánaðar og 13. nóvember 1996. Höfðuðu stefndu málið í héraði vegna þeirra ummæla áfrýjandans, sem tilfærð eru undir liðum a til j í kröfugerð þeirra. Með héraðsdómi voru flest þeirra dæmd ómerk, en sýknað af nokkrum. Stefndu hafa ekki gagnáfrýjað héraðsdómi, og koma síðastnefnd ummæli því ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

Við meðferð málsins í héraði og fyrir Hæstarétti hafa áfrýjendur leitast við að sýna fram á, að margvíslegar brotalamir hafi orðið í stjórnsýslu Húsnæðisstofnunar ríkisins um langt skeið, sem gefið hafi tilefni til allra þessara ummæla og réttlætt þau. Þær ávirðingar, sem þeir bera af þessum sökum á stofnunina og sérstaklega lögfræðideild hennar, eru raktar í héraðsdómi. Þessu til stuðnings hafa þeir lagt fram í málinu tvær skýrslur Ríkisendurskoðunar frá árunum 1988 og 1996, sem báðar fela í sér úttekt á starfsemi stofnunarinnar. Einnig hefur verið lögð fram skýrsla KPMG Endurskoðunar hf. frá nóvember 1995, sem að ósk Ríkisendurskoðunar kannaði starfsemi lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þá er vísað til skýrslu umboðsmanns Alþingis 1992, þar sem fjallað er um tiltekna þætti í starfsemi sömu deildar í tilefni kvörtunar þar um. Loks hafa áfrýjendur lagt fram allmörg endurrit úr fréttapáttum ljósvakamiðla og dagblaða frá síðustu árum, þar sem ýmis atriði í starfsemi þessarar ríkisstofnunar og lögfræðideildar hennar hafa verið fréttæfni fjölmiðla. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var tekið fram, að áfrýjandinn Sigurður Helgi hefði haft hin opinberu gögn við að styðjast í gagnrýni sinni auk eigin reynslu og frásagna annarra af samskiptum við stofnunina. Í ljósi þess, sem fram komi í þessum gögnum og upplýst hafi verið að öðru leyti við meðferð málsins, sé fullvíst, að víða sé pottur brotinn í starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þá verði og að líta til þess varðandi kröfur um sönnun ummæla, að áfrýjendur hafi við meðferð málsins skorað á stefndu að leggja fram upplýsingar um ýmis atriði, sem máli skipti við mat á réttmæti ummælanna, en þeim hafi ekki verið sinnt á nokkurn hátt. Þegar allt þetta sé virt, geti niðurstaðan ekki orðið önnur en sú, að öll ummælin hafi talist heimil og áfrýjendum vítalaus.

Meðal þeirra þátta í starfsemi Húsnaðisstofnunar ríkisins, sem áfrýjendur telja misbresti hafa orðið á, er innheimta lögfræðinga stofnunarinnar á skyldusparnaðarkröfum. Verður ráðið, að sá þáttur starfseminnar sé ekki síst dreginn inn í málið til að réttlæta ummæli í a-lið kröfugerðar og víðar, sem lúta að því, að saga lögfræðideildarinnar sé vörðuð meðal annars „spillingu“ og „eiginhagsmunapotí“. Þau atriði í þessum þætti starfsemi lögfræðideildarinnar, sem hafa verið til umfjöllunar á opinberum vettvangi og gagnrýni áfrýjenda beinist að, eru rakin í héraðsdómi. Við munnlegan flutning málsins var gagnrýni áfrýjenda dregin saman með þeim orðum, að við þessa innheimtu hefðu lögfræðingarnir verið við verktaka-störf á fullum launum í vinnutíma sínum hjá stofnuninni.

Einn stefndu, Sigurður E. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Húsnaðisstofnunar ríkisins, bar fyrir dómi, að lögfræðingar stofnunarinnar hefðu um nokkurra ára skeið haft heimild til að innheimta vanskilakröfur vegna skyldusparnaðar. Áður hefði verið vandamál hjá stofnuninni, hvernig þetta viðfangsefni yrði leyst, og fárra góðra kosta verið völ í þeim efnum. Það hafi því verið í þágu stofnunarinnar sjálfrar, að löglærðir starfsmenn hennar tóku þetta að sér. Aðalreglan hafi verið sú, að þessi störf hafi lögfræðingarnir unnið utan venjulegs vinnutíma síns, þótt þau kunni í einhverjum tilvikum að hafa fallið innan hans. Þrír aðrir hinna stefndu báru með líkum hætti um þetta atriði.

Lögð hafa verið fram í málinu tvö innheimtubréf frá lögfræðingum stofnunarinnar vegna vanskila á skyldusparnaði. Þar kemur meðal annars fram, að greiða skuli hjá Húsnaðisstofnun ríkisins, og í öðru þeirra segir jafnframt, að annar greiðslumáti verði ekki viðurkenndur. Í skýrslu sinni fyrir dómi bar forstöðumaður lögfræðideildarinnar, að stór hluti þessara innheimtustarfa hefði verið unninn innan marka dagvinnutíma, enda hefði annað verið ókleift, og hafi það verið öllum ljóst. Tveir lögfræðingar, sem látið höfðu af starfi hjá lögfræðideildinni, gáfu einnig skýrslu fyrir dómi. Í framburði þeirra kemur fram, að innheimta skyldusparnaðar hafi að mestu verið unnin í reglulegum vinnutíma starfsmannanna á þeim tíma, er þeir áttu þar sjálfir hlut að máli. Til þess hafi verið notaður tölvubúnaður stofnunarinnar. Óumdeilt er, að innheimtubókun

vegna þessara starfa rann ekki til stofnunarinnar sjálfrar, heldur inn á reikning forstöðumanns lögfræðideildar, sem skipti fénu síðan milli lögfræðinga deildarinnar.

Annar þáttur í stjórnýslu Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem áfrýjendur hafa beint kastljósi að í málsvörn sinni, eru svokallaðir veðflutningar, en um þá er nokkuð fjallað í þeim opinberu gögnum, sem áður er getið. Í skýrslu Sigurðar E. Guðmundssonar fyrir dómi kom fram, að svo lengi sem hann þekkti til, hefði almenna reglan verið sú, að óheimilt væri að flytja veðrétt, sem lán frá stofnuninni njóti, á milli fasteigna. Nokkrar óskir um undantekningar frá þessu hafi borist, en flestum verið hafnað, þar eð ekki hafi þótt vera rök til að fallast á þær. Í sérstökum tilvikum hafi honum engu að síður þótt um gild rök vera að ræða, og af þeim sökum hafi verið fallist á samtals tíu til fimmtán slík erindi þau rúmlega þrjátíu ár, sem hann hafi starfað hjá stofnuninni. Ekki hafi verið við skriflegar reglur að styðjast í þessum efnum og því verið stuðst við mat í einstökum tilvikum.

Við málsreifun sína vísa áfrýjendur til þess, að lántakar spari verulegan kostnað við að flytja veð á milli fasteigna. Hefðu því fjölmargir getað notið góðs af, ef heimilt hefði verið. Engin viðhlítandi grein hafi verið gerð fyrir því af hálfu Húsnæðisstofnunar ríkisins, hvers vegna nokkrir lántakar hafi verið látnir njóta betri réttar að þessu leyti en allur fjöldinn. Á meðal hinna fáu, sem undanþágu fengu, hafi verið alþingismaður og einhverjir starfsmenn Húsnæðisstofnunar ríkisins og meðal þeirra forstöðumaður lögfræðideildar. Jafnræðisregla stjórnýsluréttar hafi verið gróflega brotin með þessu.

Áfrýjendur hafa tilgreint margháttaða aðra misbresti, sem þeir telja hafa orðið í stjórnýslu Húsnæðisstofnunar ríkisins. Meðal þeirra er athæfi tveggja lögfræðinga í starfi hjá stofnuninni, sem leiddi til þess, að báðir voru leystir frá störfum. Það hafi þó ekki verið gert fyrir en löngu eftir, að uppvíst varð um háttsemi þeirra. Hafi öðrum þeirra síðar verið dæmd refsing fyrir fjárdrátt, en hinn hafi stundað sviksamlega veðflutninga hjá stofnuninni sjálfum sér til hagsbóta og mönnum tengdum honum. Hafi svikin verið honum möguleg, þar sem tilgreindir aðrir starfsmenn lögfræðideildar hafi meðundirritað skjöl, sem hinn brotlegi starfsmaður hafi útbúið við

þessa iðju sína. Eftir að upp komst, hafi honum að auki verið greidd sérstök yfirvinna fyrir að rannsaka eigin brot. Fyrir þessu er gerð nánari grein í héraðsdómi. Fram kom hjá Sigurði E. Guðmundssyni fyrir dómi, að máli þessa lögfræðings hefði verið vísað til Rannsóknarlögreglu ríkisins, og þar væri það enn. Hið sama á við um svokölluð starfsmannalán, sem áfrýjendur telja, að feli í sér brot á jafnræðisreglu stjórnisýsluréttar. Sömu skoðun hafa þeir lýst á undantekningartilvikum, þar sem stofnunin hafi sætt sig við, að lán hennar nytu veðréttar aftar í veðröð en krafist hafi verið samkvæmt lögum. Hafi meðal annars framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins fengið sérstaka ívilnun að því leyti. Í héraðsdómi er jafnframt fjallað um viðleitni lögfræðinganna til að fá samþykki yfirmanna sinna, til að þeir mættu njóta góðs af þóknunum fyrir gerð kröfulýsinga við nauðungarsölur. Er fram komið, að lögfræðingarnir hafi litið á það sem lið í kjarabaráttu, og jafnframt, að hún hafi ekki borið árangur. Mál Klöru Njálisdóttur vegna fasteignarinnar Hlunnavogs 5 í Reykjavík er einnig rakið í héraðsdómi. Þá hafi reglur um endursölu fasteigna, sem stofnunin hafi þurft að leysa til sín vegna vanskila skuldara, verið losaralegar og jafnræðis ekki gætt. Loks hafa áfrýjendur lagt fram í málinu kæru Húsnæðisstofnunar ríkisins vegna veðsvika nokkurra viðskiptamanna hennar í tengslum við lánveitingar og telja svikin lýsa skorti á árvekni lögfræðinga hennar. Sú kæra var þó ekki send lögreglu fyrr en skömmu eftir, að áfrýjandinn Sigurður Helgi viðhafði þau ummæli sín, sem málið er sprottið af.

### III.

Stefndu halda fram, að raunveruleg ástæða þess, að áfrýjandinn Sigurður Helgi hafi beint spjótum sínum svo harkalega að stefndu sem raun beri vitni, hafi verið sú, að hann hafi viljað hefna sín vegna afstöðu lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins til bótakröfu, sem hann gerði fyrir hönd Klöru Njálisdóttur, eiganda efri hæðar húseignarinnar Hlunnavogs 5 í Reykjavík. Hann hafi í kröfubréfi lýst yfir, að óbilgirn og ógrunduð afstaða stofnunarinnar gæti dregið dilk á eftir sér, og hótad að koma af stað fjölmiðlaumfjöllun. Þegar neitun stofnunarinnar um greiðslu bóta hafi legið fyrir, hafi hann gert alvöru úr hótun sinni og lagt til atlögu í fjölmiðlum. Til-

gangur hans hafi því ekki verið sá að stofna til almennrar umræðu um stjórnsýslu Húsnæðisstofnunar ríkisins, heldur að hefna sín vegna þessa tiltekna máls.

Í héraðsdómi eru rakin samskipti Klöru Njálsdóttur og áfrýjenda við Húsnæðisstofnun ríkisins á árunum 1993 til 1996, meðan stofnunin var meðeigandi Klöru að fjöleignarhúsinu Hlunnavogi 5. Er ótvírætt, að lögfræðideild stofnunarinnar sýndi mikið skeytingarleysi gagnvart óskum Klöru og áfrýjenda um úrbætur vegna háttsemi íbúa á neðri hæð hússins, sem bjó þar í skjóli Húsnæðisstofnunar ríkisins fram til júní 1995.

Fram er komið, að Klara var félagsmaður í Húseigendafélaginu, en samþykktir fyrir það félag hafa verið lagðar fram í málinu. Samkvæmt 2. grein þeirra er tilgangur félagsins „að stuðla að því, að fasteignir á Íslandi verði ávallt sem tryggust eign, að fasteignir verði almennt í einkaeigu, að gæta í hvívetna hagsmuna fasteignaeigenda á Íslandi gagnvart stjórnvöldum og öðrum og að reka hagnýta ráðgjöf fyrir félagsmenn sína“. Félagsmaður getur orðið sérhver eigandi fasteignar á Íslandi, og í gögnum málsins kemur fram, að félagsmenn eru á sjöunda þúsund talsins. Í ljósi þess, sem að framan er rakið, verður ekki dregið í efa, að áfrýjendur hafi þurft að eiga margháttuð samskipti við Húsnæðisstofnun ríkisins og lögfræðideild hennar, ýmist vegna hagsmuna einstakra félagsmanna eða þeirra allra í heild. Eiga félagsmenn í Húseigendafélaginu augljósa hagsmuni af því, hvernig til tekst með opinbera stjórnsýslu á þessu sviði. Hefur og verið staðhæft við flutning málsins, að gagnrýni áfrýjandans Sigurðar Helga hafi verið sett fram í því skyni að fá Húsnæðisstofnun ríkisins til að breyta almennt vinnubrögðum sínum og þar á meðal að beita eðlilegum reglum um jafnræði þegnanna. Við úrlausn málsins verður að líta til alls þess, sem að framan greinir. Geta því staðhæfingar stefndu um illan tilgang áfrýjandans Sigurðar Helga með ummælum sínum ekki komið til frekari skoðunar við mat á því, hvort með þeim hafi verið farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis.

#### IV.

Áfrýjendur vísa sérstaklega til þess, að Húsnæðisstofnun ríkisins sé opinber stofnun, sem ráðstafi miklu fé til lánveitinga vegna

íbúðakaupa almennings og til hins félagslega íbúðakerfis. Þetta sé málefni, sem snerti hagsmuni flestra landsmanna beint og óbeint, og varði miklu, að vel takist til um starfsemi stofnunarinnar. Hún hafi hins vegar oft sætt gagnrýni á opinberum vettvangi, vegna þess að misbrestir hafi þótt verða þar á. Opin umræða um málefni, sem varði almenning miklu, sé nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi, og þar verði að játa mönnum rýmkað tjáningarfrelsi. Gagnrýni á þessu sviði megi vera hvöss og óvægin, jafnvel þótt hún kunni að særa eða móðga þá, sem fyrir henni verði. Vísa áfrýjendur til 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sem verndi frelsi manna til að tjá sig með þeim hætti, sem áfrýjandinn Sigurður Helgi gerði. Eru sjónarmið þeirra um það nánar rakin í héraðsdómi. Ekki sé heldur unnt að gera ríkar kröfur um sönnun ummæla, enda hafi sá, sem ummælin viðhafði, í þessu tilviki ekki sýnt skeytingarleysi um sannleikann. Miklar kröfur að þessu leyti feli í sér brot á stjórnarskrárvörðum rétti hans til að tjá sig. Þá vísa þeir til þess, að flest ummæli áfrýjandans feli ekki í sér staðhæfingar, heldur svokallaða gildisdóma hans út frá staðreyndum, sem hann hafi talið vera fyrir hendi. Slíkir gildisdómar verði ekki sannaðir með sama hætti og staðhæfingar um staðreyndir og njóti aukinnar verndar umfram ósannaðar staðhæfingar.

## V.

Áfrýjendur krefjast sýknu af kröfum nokkurra stefndu vegna aðildarskorts þeirra. Með vísan til forsendna héraðsdóms verður þeirri kröfu hafnað.

Húsnæðisstofnun ríkisins er opinber stofnun og fer með málefni, sem snerta hagsmuni margra. Eru þau til þess fallin að geta oft verið í opinberri umræðu og þá um leið stofnunin sjálf. Er ljóst, að slík stofnun getur hæglega kallað yfir sig harða gagnrýni og því frekar, virði hún ekki jafnræði borgaranna og hafi ekki í hvívetna skýrar reglur við að styðjast um rétt manna. Þótt það fái ekki ráðið úrslitum málsins, má fallast á með stefndu, að ekki sé títt, að þeir, sem tjá sig á opinberum vettvangi um mál, sem varða almenning, kjósi að nota svo stór orð sem áfrýjandinn Sigurður Helgi gerði til að koma viðhorfum sínum og gagnrýni á framfæri. Voru mörg ummæla hans

óvægin og harkaleg. Við ákvörðun þess, hvort hann hafi með þeim farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis, verður hins vegar fallist á þau rök hans, sem áður getur og lúta að því, að játa verði mönnum rúmu tjáningarfrelsi á því sviði, sem hér um ræðir. Verður einnig fallist á, að mörg ummælin hafi falið í sér gildisdóma, þar sem áfrýjandinn hafi lagt mat sitt á staðreyndir, sem hann hafi talið vera um að ræða. Hafa áfrýjendur í málsvörn sinni gert grein fyrir misbrestum í starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins og lögfræðideildar hennar, sem raktir eru í II. kafla að framan og í héraðsdómi. Verður fallist á, að áfrýjendur hafi með því rennt nægum stoðum undir þá niðurstöðu, að ekki hafi verið farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis með því að lýsa skoðunum, sem í flestum þessara gildisdóma birtast. Um einstök ummæli verður nánar fjallað í VI. kafla hér á eftir.

## VI.

Ummæli, sem getur í a-lið 1. kafla kröfugerðar stefndu í héraði, eru margþætt. Með héraðsdómi var hluti þeirra ómerktur. Birtast þau ummæli í fjórum málsliðum í þessum þætti kröfugerðarinnar.

Hin fyrstu þeirra eru: „Bréfum er yfirleitt ekki svarað, í besta falli seint og illa.“ Fram hefur verið lagt bréf Húseigendafélagsins til lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins 29. ágúst 1994 varðandi mál Klöru Njálisdóttur, en ómótmælt er, að því var ekki svarað. Önnur bréf áfrýjenda vegna sama málefnis eru dagsett 4. júlí 1995, 9. ágúst sama árs, og ítrekun þess bréfs var send 23. sama mánaðar. Efni tveggja síðasttöldu bréfanna ber með sér, að hinum fyrri var ekki svarað. Einn stefndu bar fyrir dómi, að hann hefði strax eftir móttöku bréfs 4. júlí 1995 svarað munnlega, en því mótmæla áfrýjendur. Loks rituðu áfrýjendur kröfubréf fyrir hönd Klöru Njálisdóttur 11. september 1996, sem var ítrekað tvisvar, áður en svarbréf barst, dagsett 1. október sama árs. Eins og málið liggur fyrir, verður fallist á með áfrýjendum, að þeir hafi ekki farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis með þessum ummælum.

Næstu ummæli í þessum lið kröfugerðar, sem ómerkt voru með héraðsdómi, eru: „Þar eru brotnar allar góðar venjur og reglur í stjórnsýslunni.“ Þessi orð komu í beinu framhaldi þeirra, er að framan voru tilfærð. Skýra áfrýjendur ummælin þannig, að þau feli í

sér ályktun af því, að bréfum sé ekki svarað. Með vísan til þess, sem áður er rakið, verður ekki fallist á ómerkingu þessara orða.

Priðju ummælin í a-lið kröfugerðar, sem ómerkt voru með héraðsdómi, eru: „Saga hennar er svört, vörðuð spillingu, hroka, vanhæfni og eiginhagsmunapot, og í máli Klöru Njálsdóttur þá er skömmin kórónuð og langt til jafnað.“ Þessum orðum er beint að lögfræðideild Húsnaðisstofnunar ríkisins. Er í héraðsdómi sérstaklega fjallað um merkingu orðanna hroka og spillingar. Áfrýjendur telja ummælin fela í sér gildisdóma, byggða á staðreyndum. Kröfur um frekari sönnun ummælanna verði ekki gerðar umfram það, sem tekist hafi við meðferð málsins, svo sem rakið er í II. kafla að framan. Verði þá jafnframt að líta til þess, að stefndu hafi í engu sinnt áskorunum um að leggja fram ýmis gögn, sem hefðu getað skýrt nánar sitthvað í þessum efnum.

Að því er varðar sérstaklega orðið „eiginhagsmunapot“, er einkum vísað til innheimtu lögfræðinganna á skyldusparnaðarkröfum. Þessi innheimtustörf stunduðu þeir á eigin vegum með heimild stofnunarinnar. Leggja verður til grundvallar dómi, að innheimtunni hafi þeir sinnt að verulegu leyti í reglulegum vinnutíma sínum hjá stofnuninni, andstætt því, sem nokkrir stefndu báru fyrir dómi. Til þess voru notuð tæki og búnaður Húsnaðisstofnunar ríkisins. Í ljósi þessa eru ekki næg efni til að ómerkja umrætt orð, sem lýsir skoðun áfrýjandans Sigurðar Helga á því, sem fram er komið um þetta atriði.

Orðin „hroka“ og „vanhæfni“ réttlæta áfrýjendur með vísan til framgöngu lögfræðideildarinnar í máli Klöru Njálsdóttur. Er ljóst, að stofnunin sýndi mikið skeytingarleysi um hag þessa meðeiganda síns að húsinu Hlunnavogi 5, og beiðnum um úrbætur vegna mikilla óþæginda, sem hún mátti þola, var ekki svarað. Er áfrýjandanum Sigurði Helga vítalauast að hafa þá skoðun á aðgerðarleysi stefndu í málinu, sem þessi orð hans og niðurlagsorðin í málsliðnum lýsa.

Varðandi orðið „spillingu“ vísa áfrýjendur sérstaklega til þess, að tveir af sex lögfræðingum stofnunarinnar hafi verið látnir víkja úr starfi vegna misferlis. Sýknukröfu reisa þeir að öðru leyti á því, sem fram sé komið um margs konar misbresti í starfi lögfræðideildarinnar.

Í II. kafla að framan er meðal annars rakið það, sem í ljós er leitt

um veðflutninga og hverjir hafi að því leyti notið betri réttar en allur fjöldinn. Þar er einnig getið um ætlaða sviksamlega veðflutninga annars þeirra tveggja lögfræðinga, sem vikið var úr starfi, og að samstarfsmenn hans hafi af gáleysi látið sig hafa það að setja nöfn sín á skjöl, sem athæfi hans tengdust. Þar er einnig fjallað um sérstök starfsmannalán og reglur, sem giltu um, hvaða veðréttur skyldi áskilinn fyrir lánum stofnunarinnar og undantekningar, sem á því voru gerðar. Þegar allt þetta er virt, verður að hafna kröfu stefndu um ómerkingu þessara ummæla, sem lýsa skoðun áfrýjandans Sigurðar Helga á því, sem hér um ræðir.

Fjórðu og síðustu ummælin í a-lið kröfugerðar, sem ómerkt voru með héraðsdómi, eru: „Það er ljóst, að það eru margar meinsemdir og innanmein, sem hrjá líkama þessarar stofnunar, og ég held, að lögfræðideildin sé jafnvel sú illkynjaðasta.“

Sú líking, sem áfrýjandinn Sigurður Helgi dró með þessu upp af ástandi mála hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, er hvöss og óvægin. Engu að síður verður að játa honum heimild til að setja fram skoðun sína á stofnuninni með þeim hætti, sem gert var, í ljósi þess, sem fram er komið.

Samkvæmt öllu framanröktu verður ekki fallist á ómerkingu einna þeirra ummæla, sem getur í a-lið kröfugerðar stefndu.

Með héraðsdómi voru ómerkt í heild ummæli í b-lið 1. kafla kröfugerðar stefndu. Þau orð fjalla einkanlega um ámælisverða framkomu stofnunarinnar og starfsmanna hennar við Klöru Njálisdóttur og fela í sér mat áfrýjandans Sigurðar Helga á henni. Verður ekki fallist á kröfu um ómerkingu ummælanna.

Ummæli í c-lið 1. kafla kröfugerðar stefndu eru margþætt. Eru þau að nokkru leyti sama efnis og þau, sem áður er getið í a-lið kröfugerðar. Með héraðsdómi voru flest ummælin í þessum lið ómerkt.

Í fyrri hluta ummæla áfrýjandans Sigurðar Helga í þessum lið er meðal annars sagt, að bréfum og orðsendingum sé ekki svarað og að saga lögfræðideildarinnar sé dökk og vörðuð spillingu, eiginhagsmunapotí og hroka. Hafi þar verið margir misjafnir sauðir, sumir spilltir, og hafi þeir verið að tínast eitthvað út að undanfögnu. Með héraðsdómi voru þessi ummæli ómerkt. Með vísan til umfjöllunar

um a-lið kröfugerðar að framan verður ekki heldur fallist á ómerk-ingu þessara ummæla.

Undir þessum lið kröfugerðar eru einnig eftirgreind ummæli, sem ómerkt voru með héraðsdómi: „Lögfræðingar deildarinnar hafa í gegnum tíðina stundað fjárplógsstarfsemi í eiginhagsmunaskyni á kostnað fólks í nauðum, þeir hafa ótal sporslur í gegnum uppboðs-meðferð á fólki, sem minnst má sín.“ Má ráða, að það sé einkum til að réttlæta þessi orð, sem áfrýjendur hafa við meðferð málsins vísað til þess, að lögfræðingarnir hafi reynt á sínum tíma að fá í sinn hlut greiðslur vegna kröfulýsinga við nauðungarsölur. Þær tilraunir báru ekki árangur, eins og áður er rakið. Þessi ummæli hafa ekki verið réttlætt, og breytir ekki þeirri niðurstöðu, þótt eitthvað hafi tíðkast, að lögfræðingarnir fengju greiðslur frá öðrum uppboðsbeiðendum fyrir að mæta við fyrirtækt slíkra mála. Verður niðurstaða héraðs-dóms um ómerkingu þessara ummæla staðfest.

Með héraðsdómi voru öll ummæli í síðari hluta þessa kröfuliðar ómerkt. Er þar mestmegnis fjallað um refsiverða háttsemi í starfi, enn fremur, að menn hafi verið látnir fara og að einhverjar hreins-anir hafi verið gerðar. Menn hafi þó haldið starfi sínu lengi, eftir að upp komst, og ekki hafi verið hreyft við mönnum fyrr en eftir mik-inn utanaðkomandi þrýsting.

Brot tveggja lögfræðinga í starfi hjá stofnuninni var staðreynd og enn fremur, að þeir gegndu báðir störfum sínum lengi, eftir að upp-víst varð um háttsemi þeirra. Verður ekki fallist á kröfu um ómerk-ingu þessara ummæla.

Ummæli í d-lið kröfugerðar eru: „Já, ég hef haft samskipti við fjöldann allan af mönnum, sem bera sig illa eftir viðskipti við þessa lögfræðideild, og eftir hana liggur slóð af klúðri. Og ég hef borð-leggjandi dæmi um klúður og vanrækslu, sem hefur kostað stofnun-ina og borgara þessa lands háar fjárhæðir.“ Með héraðsdómi voru þessi ummæli öll ómerkt.

Ekki er tilefni til að ómerkja þau orð, að margir viðmælendur áfrýjandans Sigurðar Helga hafi borið sig illa við hann undan við-skriptum við lögfræðideildina. Það eitt segir fátt um, hvers efnis sam-skriptin hafi verið. Um framhald ummælanna, frá og með orðunum: „og eftir hana liggur slóð...“ til enda ummæla í þessum lið kröfu-

gerðar, gegnir öðru. Má fallast á forsendur héraðsdóms um ómerkingu þessara ummæla.

Ummæli í g-lið kröfugerðar stefndu hljóða svo: „Það er satt; ég er með undir höndum ýtarleg gögn og upplýsingar um starfsemi lögfræðideildarinnar og afrek hennar í gegnum tíðina, og ef lokinu verður lyft af þeirri tunnu, að þá mun margt miður geðslegt gjósa upp og vella út. Það er satt, þetta eru stór orð og þung, en þau eru sönn, og það mætti meira að segja kveða enn fastar að orði, og það er full innstæða fyrir þessari gagnrýni og ásökunum...“ Voru þessi ummæli ómerkt í heild í héraðsdómi.

Er áfrýjandinn Sigurður Helgi tjáði sig með þessum hætti, lágu fyrir allar þær skýrslur, sem áður getur og hann studdist meðal annars við í gagnrýni sinni. Meðal þeirra var skýrsla Ríkisendurskoðunar frá október 1996, sem birt var um miðjan þann mánuð. Í skýrslu KPMG Endurskoðunar hf. frá 1995 var meðal annars getið um innheimtubréf lögfræðinganna vegna skyldusparnaðar, en af þeim mátti sjá, að sú starfsemi var stunduð í reglulegum vinnutíma þeirra. Með hinum tilfærðu orðum er hins vegar staðhæft, að enn hafi margar og alvarlegar brotalamir í starfsemi stofnunarinnar ekki séð dagsins ljós. Engum stoðum hefur verið rennt undir þessar staðhæfingar, og sýnast ummælin vera úr lausu lofti gripin. Breytir engu um þá niðurstöðu, þó að síðar hafi orðið uppvíst um veðsvik nokkurra viðskiptamanna stofnunarinnar, sem áður er getið. Verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um ómerkingu þessara ummæla.

Ummæli í h-lið kröfugerðar hljóða svo: „...“, en rannsóknarréttarhöld á afrekum lögfræðideildar myndu vera afar kærkomin Húseigendafélaginu og þeim fjölmörgu húseigendum og borgurum, sem eiga um sárt að binda eftir trakteringar þessarar lögfræðideildar...“. Þau orð í þessari umfjöllun, sem hefjast á orðunum: „þeim fjölmörgu húseigendum...“ til loka ummælanna, hafa ekki verið réttlætt frekar en síðari hluti ummæla í d-lið að framan. Verður þessi hluti ummæla í h-lið kröfugerðar því ómerktur.

Í i-lið kröfugerðar er að finna margvíslega dóma, sem áfrýjandinn Sigurður Helgi fellir yfir Húsnæðisstofnun ríkisins, yfirstjórn hennar og lögfræðideildinni. Til réttlætningar ummælunum vísa áfrýjendur til sömu misbresta í starfi stofnunarinnar og áður eru raktir. Öll þessi umfjöllun lýsir skoðunum áfrýjandans. Þrátt fyrir stóryrta

framsetningu eru ekki efni til að ómerkja þessi orð hans af sömu ástæðum og raktar eru um kröfugerð í a-lið að framan.

Ummæli í síðasta kröfulið, j-lið, beindust að einum stefnda, framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins. Lét áfrýjandinn Sigurður Helgi þau falla í kjölfar ummæla framkvæmdastjórans í útvarpsviðtali vegna gagnrýni áfrýjandans. Sagði framkvæmdastjórinn þar meðal annars, að áfrýjandinn væri orðinn stærsta vandamál Húseigendafélagsins og að hann hefði áður ráðist á aðra aðila með stóryrðum og fúkyrðum. Verður að skoða orð áfrýjandans í þessum lið kröfugerðar í því ljósi og telja, að þau hafi falið í sér orðhefnd. Þykir ekki nægilegt tilefni til að ómerkja þau.

Samkvæmt öllu framansögðu verður fallist á kröfu stefndu um ómerkingu ummæla í g-lið 1. kafla kröfugerðar og að hluta í c-lið, d-lið og h-lið hennar. Að öðru leyti verða áfrýjendur sýknaðir af kröfu um ómerkingu ummæla.

Með héraðsdómi var fallist á kröfur í 2. og 3. kafla kröfugerðar stefndu í héraði um, að áfrýjandanum Sigurði Helga yrði gerð refsing fyrir ummæli sín og að áfrýjendur yrðu dæmdir til að greiða öllum stefndu nema Húsnæðisstofnun ríkisins miskabætur. Var jafnframt fallist á kröfu um, að þeim yrði gert að greiða kostnað við birtingu dóms. Þegar öll atvik málsins eru virt, sem rakin hafa verið að framan, þykir ekki ástæða til að fallast á þessar kröfur. Verða áfrýjendur sýknaðir af þeim.

Áfrýjendur verða dæmdir til að greiða stefndu óskipt málskostnað, sem verður ákveðinn sameiginlega í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

#### D ó m s o r ð:

Framangreind ummæli í g-lið 1. kafla kröfugerðar og í hluta c-liðar, d-liðar og h-liðar skulu vera ómerk.

Áfrýjendur, Sigurður Helgi Guðjónsson og Húseigendafélagið, greiði óskipt hverjum stefndu, Húsnæðisstofnun ríkisins, Sigurði E. Guðmundssyni, Einari Jónssyni, Braga Kristjánsyni, Hrannari Jónssyni, Gunnhildi Gunnarsdóttur, Margréti Gunnarsdóttur, Hrafnkeli Óskarssyni, Sif Guðjónsdóttur, Sig-

ríði Þorgeirsdóttur, Guðrúnu I. Svansdóttur, Margréti Jónsdóttur, Olgeiri Möller og Jóhönnu Margréti Bragadóttur, 25.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. júní 1997.**

Stefnendur málsins eru Húsnæðisstofnun ríkisins, kt. 640169-0289, Suðurlandsbraut 24, Reykjavík, Sigurður E. Guðmundsson framkvæmdastjóri, kt. 180532-7819, Raufarseli 11, Reykjavík, Einar Jónsson hdl., kt. 290944-3179, Sæviðarsundi 23, Reykjavík, Bragi Kristjánsson hdl., kt. 080145-4629, Birtingakvísl 54, Reykjavík, Hrannar Jónsson hdl., kt. 070763-3629, Krummahólum 6, Reykjavík, Gunnhildur Gunnarsdóttir hdl., kt. 100265-3469, Asparlundi 1, Garðabæ, Margrét Gunnarsdóttir hdl., kt. 230165-5729, Vesturbergi 54, Reykjavík, Hrafnkell Óskarsson lögfræðingur, kt. 031169-5779, Laugalæk 62, Reykjavík, Sif Guðjónsdóttir lögfræðingur, kt. 100268-5829, Móaflöt 39, Garðabæ, Sigríður Þorgeirsdóttir lögfræðingur, kt. 031170-5679, Stórahjalla 5, Kópavogi, Guðrún I. Svansdóttir fulltrúi, kt. 230868-3609, Framnesvegi 34, Reykjavík, Margrét Jónsdóttir fulltrúi, kt. 120774-5739, Bergstaðastræti 60, Reykjavík, Olgeir Möller fulltrúi, kt. 150728-2909, Mosgerði 25, Reykjavík, og Jóhanna Margrét Bragadóttir fulltrúi, kt. 201176-4689, Birtingakvísl 54, Reykjavík.

Stefndu eru Sigurður Helgi Guðjónsson, kt. 240353-3259, Akurholti 15, Mosfellsbæ, og Húseigendafélagið, kt. 640169-5249, Síðumúla 29, Reykjavík.

Mál þetta var höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu, af lögmanni stefndu 19. nóvember 1996 til þingfestingar hér fyrir dómi 26. sama mánaðar.

Það var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 21. maí sl.

### *Dómkröfur.*

Dómkröfur stefnenda eru þessar:

1. Að dæmd verði dauð og ómerk neðangreind ummæli stefnda Sigurðar Helga Guðjónssonar hrl. (staflíðir a-j), sem hann lét falla í starfi sínu sem framkvæmdastjóri og stjórnarformaður stefnda Húseigendafélagsins um stefnendur í sjónvarpsviðtali í kvöldfréttatíma Stöðvar 2 28. október 1996 og hljóðvarpsviðtölum á Bylgjunni í morgunþætti Þorgeirs Ástvaldssonar og Margrétar Blöndal 29. október og 7. nóvember 1996.

Kvöldfréttir Stöðvar 2 28. október 1996.

a. „Bréfum er yfirleitt ekki svarað, í besta falli seint og illa. Þar eru brotnar allar góðar venjur og reglur í stjórnsýslunni. Því miður verður að

segjast eins og er, að lögfræðideild Húsnaðisstofnunar hún fær algjöra fall-einkunn, hvar sem á er litið. Saga hennar er svört, vörðuð spillingu, hroka, vanhæfni og eiginhagsmunapotí, og í máli Klöru Njálsdóttur þá er skömmin kórónuð og langt til jafnað.“ „Vitaskuld hlýtur kastljósið hér að beinast líka að stjórnun stofnunarinnar og bæði innra og ytra eftirliti með henni. Það er ljóst, að það eru margar meinsemdir og innanmein, sem hrjá líkama þessarar stofnunar, og ég held, að lögfræðideildin sé jafnvel sú illkynjaðasta. En vandamálið, held ég, að sé það, að Húsnaðisstofnun á að vera lánastofnun, en er rekin eins og félagsmálastofnun og verndaður vinnustaður, og það kann ekki góðri lukku að stýra.“

Morgunþáttur Bylgjunnar 29. október 1996.

b. „Já, það býr mikið, mikið meira að baki. Þetta er einstakt mál, en toppar eiginlega ósömann. Mál Klöru er eitt skelfilegasta dæmið, sem ég veit um, um hroka og yfiring kerfisins gagnvart saklausu fólki, sem hefur réttinn sín megin. Það var beinlínis traðkað á henni, var niðurlægð.“

c. „Lögfræðideildin, hún hefur dregið málinu á dreif og dregið á langinn og svarar ekki bréfum og orðsendingum og þess háttar, en þetta er sem sagt, þarna er höfuðið bitið af skömminni; þetta er kornið, sem fyllti mælinn, því að saga lögfræðideildarinnar er mjög dökk. Hún er vörðuð spillingu og eiginhagsmunapotí og hroka, þar hafa verið margir misjafnir sauðir, sumir spilltir. Þeir spilltu hafa verið að tínast eitthvað út að undanfögnu. Lögfræðingar deildarinnar hafa í gegnum tíðina stundað fjárplógsstarfsemi í eiginhagsmunaskyni á kostnað fólks í nauðum, þeir hafa ótal sporslur í gegnum uppboðsmeðferð á fólki, sem minnst má sín. Síðan tekur við saga eða röð fjármálamisferla, svika, fjárdráttar og spillingar. Menn hafa verið látnir fara og einhverjar hreinsanir verið gerðar, en það hefur ekki verið fyrr en eftir dúk og disk, og menn hafa setið lengi, lengi, eftir að upp komst. Og það hefur ekki verið hreyft við mönnum fyrr en eftir mikinn utan- aðkomandi þrýsting.“

d. „Já, ég hef haft samskipti við fjöldann allan af mönnum, sem bera sig illa eftir viðskipti við þessa lögfræðideild, og eftir hana liggur slóð af klúðri. Og ég hef borðleggjandi dæmi um klúður og vanrækslu, sem hefur kostað stofnunina og borgara þessa lands háar fjárhæðir.“

e. „Jú, jú. Það er nú einu sinni þannig, að það fólk, sem á undir högg að sækja inni á stofnuninni, að það á mikið undir þessum mönnum; þeir hafa það undir þumlinum, eru með það í uppboðsmeðferð til dæmis, þannig að fólk er mjög hrætt við að leggja til atögu.“

f. „Nú, þetta er að mínu mati, er lögfræðideildin ein af stórum meinsemdum í líkama Húsnaðisstofnunar og kannski ein sú versta.“

g. „Það er satt; ég er með undir höndum ýtarleg gögn og upplýsingar um starfsemi lögfræðideildarinnar og afrek hennar í gegnum tíðina, og ef lokinu verður lyft af þeirri tunnu, að þá mun margt miður geðslegt gjósa upp og vella út. Það er satt, þetta eru stór orð og þung, en þau eru sönn, og það mætti meira að segja kveða enn fastar að orði, og það er full innstæða fyrir þessari gagnrýni og ásökunum...“

h. „... en rannsóknarréttarhöld á afrekum lögfræðideildar myndu vera afar kærkomin Húseigendafélaginu og þeim fjölmörgu húseigendum og borgurum, sem eiga um sárt að binda eftir trakteringar þessarar lögfræðideildar...“

i. „Jú, jú, það er náttúrulega. Hér hlýtur kastljósið að beinast að starfsemi Húsnæðisstofnunar yfirleitt og hvernig vera megi, að svona meinsemd fái að grassera þar. Það vita þetta flestir, sem að þessum málum koma, en það er fátt gert til afgerandi úrbóta. Það hefur aðeins verið yfirklor og „reddingar“, og þetta vekur náttúrulega allt efasemdir um stjórnun stofnunarinnar og bæði innra og ytra eftirlit með henni, og sorglegt til þess að vita ... sem fara fyrir Húsnæðisstofnuninni, skuli hafa flotið sofandi að feigðarósi og leyft þessari meinsemd að búa um sig og dafna lítt áreittri. ... og það kann ekki góðri lukku að stýra, að Húsnæðisstofnun, sem á að vera lánastofnun, hún er rekin eins og félagsmálastofnun og hreinlega verndaður vinnustaður. ... og þetta er meginskýringin á vandræðaganginum í stofnuninni yfirleitt. Þetta er villuráfandi stofnun í tilvistarkreppu, stjórnun virðist í molum, og þar er góður jarðvegur fyrir ýmislegt misjafnt, og um heila og hálfu spillingu á þessum bæ eru fjölmörg dæmi. Þetta er að mínu viti sjúk stofnun, höfuðið óvirkt og limirnir fúnir og líkaminn undirlagður af meinsemdum, og það er skelfilegt, að þessi vesalingur eigi að fara með og varðveita ... taki nú á málefnum Húsnæðisstofnunar ... og stingi út þennan haug.“

Morgunþáttur Bylgjunnar 13. nóvember 1996.

j. „... þá má spyrja, hvert sé stóra vandamálið hjá Húsnæðisstofnun. Ég held, að það sé nafni minn, Sigurður E. Guðmundsson, hann er atvinnugóðmenni,“ ... „og margir hafa heyrt hann klökkna yfir eigin góðmennsku og einkum, þegar vondir menn eru að gagnrýna einkafyrirgreiðslu hans utan laga og siðferðis,“ ... „... hann er til vandræða sem forstöðumaður lánastofnunar, þar sem jafnræðissjónarmið eiga að vera í hávegum og sömu reglur eiga að gilda um alla. Hann túlkar lög og framkvæmir eins og honum hentar hverju sinni út frá einhverjum mannúðarsjónarmiðum, sem hann býr sjálfur til. Hann hefur sagt bæði í ræðu og riti, að nauðsyn brjóti lög, og vísar þar til þessara mannúðarsjónarmiða sinna, og hann réttlætir t. d.

óheimila veðflutninga fyrir alþingismann með því, að gömlum konum sé gjarnan illa við, að veð hvíli á eignum þeirra.“

2. Að stefnda Sigurði Helga Guðjónssyni verði refsað fyrir tilgreind ummæli um stefnendur undir staflíðum a til j, sem í heild sinni fela í sér af hálfu stefnda útbreiðslu ærumeiðinga um stefnendur gegn betri vitund í atvinnuskyni, sbr. 234., 235. og 236. gr.

3. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða Sigurði E. Guðmundssyni, Einari Jónssyni, Braga Kristjánssyni, Hrannari Jónssyni, Gunnhildi Gunnarsdóttur, Margréti Gunnarsdóttur, Hrafnkeli Óskarssyni, Sif Guðjónsdóttur, Sigríði Þorgeirsdóttur, Guðrúnu I. Svansdóttur, Margréti Jónsdóttur, Olgeiri Möller og Jóhönnu Margréti Bragadóttur, hverju fyrir sig 500.000 kr. í miskabætur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. október 1996 til greiðsludags, og sé dráttarvöxtunum bætt við höfuðstól á tólf mánaða fresti, fyrsta sinn 29. október 1997.

4. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum sameiginlega 350.000 kr. til að kosta birtingu væntanlegs dóms í málinu, forsendna og dómsorðs, í þremur dagblöðum, og beri tildæmd fjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá uppsögu dóms til greiðsludags, og sé vöxtunum bætt við höfuðstól, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir uppsögu dóms.

5. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum sameiginlega málskostnað fyrir héraðsdómi að mati hins virðulega réttar auk lögmæltis virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda, og krefjast þeir jafnframt málskostnaðar úr hendi stefnenda óskipt eftir fram lögðum málskostnaðarreikningi.

#### *Stefnendur. Málsatvik, málsástæður og lagarök.*

Stefnendur lýsa málsatvikum svo:

Byggingarsjóður ríkisins hafi orðið hæstbjóðandi í fasteignina Hlunnavog 5 í Reykjavík við uppboðssölu á eignarhluta Árna Bergs Eiríkssonar í fasteigninni, sem fram hafi farið 20. apríl 1993. Byggingarsjóður ríkisins sé í vörslum Húsnæðisstofnunar ríkisins. Sjóðurinn hafi fengið uppboðsafsal fyrir eignarhlutanum 29. apríl 1994 og gengið frá sölu hans til núverandi eiganda 24. október 1995. Með bréfi Húseigendafélagsins, dags. 11. september 1996, undirrituðu af Sigurði Helga Guðjónssyni, framkvæmdastjóra þess, hafi sú krafa verið gerð fyrir hönd Klöru Njálisdóttur, sem sé eigandi rishæðar fasteignarinnar Hlunnavogs 5, að Byggingarsjóður ríkisins greiddi henni samtals 470.000 kr. vegna ætlaðs fjárhagslegs og ófjárhagslegs tjóns,

sem eignarhald sjóðsins að neðri hæð Hlunnavogs 5 átti að hafa bakað henni. Ekki hafi verið tilgreind nein sérstök efnisrök fyrir bótakröfunni. Einar Jónsson, forstöðumaður lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins, og Hrannar Jónsson hdl., starfsmaður hennar, hafi svarað bréfi Húseigendafélagsins með bréfi, dags. 1. október 1996, nítján dögum síðar, og hafnað kröfum Klöru. Þó hafi verið boðin greiðsla, að fjárhæð 30.000 kr., til að mæta auknum hitakostnaði að Hlunnavogi 5, enda teldist málinu þá lokið af hálfu Klöru. Húseigendafélagið hafi ekki sætt sig við þessa niðurstöðu og Sigurður Helgi Guðjónsson ritað lögfræðideild annað bréf, dags. 4. október 1996, þar sem krafist var endurskoðunar á afstöðu stofnunarinnar. Í bréfinu sagði meðal annars:

„Húseigendafélagið lítur á þetta mál sem „prinsippmál“ og mun liðsinna Klöru á alla lund og fara með málið fyrir hana. Það skal tekið fram, að fjölmiðlar hafa mikinn áhuga á þessu máli, og áhrifamiklir stjórnmálamenn hafa beðið um að fá að fylgjast með því og vilja gjarnan leggja Klöru lið. Í gegnum tíðina hef ég heyrt ýmislegt misjafnt um vinnubrögð lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar og slæmar „trakteringar“, sem fólk hefur talið sig hafa fengið þar á bæ. Hef ég hingað til trúað því mátulega og jafnan borið blak af yður, þegar þér hafið átt undir högg að sækja og að yður hefur verið vegið. Framganga yðar og afstaða í þessu máli veldur ekki einasta vonbrigðum, heldur vekur líka upp almennar efasemdir. Ég vænti þess, að mér hafi lánast að koma til skila, að það er mikill þungi í þessu máli og að óbilgirni og ógrunduð afstaða á þessu stigi getur dregið dilk á eftir sér. Svar óskast fyrir 10. október nk.“

Einar Jónsson hdl. svaraði bréfinu með bréfi, dags. 10. október 1996, og vísaði kröfum Húseigendafélagsins fyrir hönd Klöru á bug að nýju. Ekkert svar hafi borist við þessu bréfi frá Húseigendafélaginu, og hafi Húsnæðisstofnun því átt von á því, að Húseigendafélagið hæfi boðaða málsókn gegn stofnuninni, hygðist Klara standa við kröfu sína. Ekkert hafi enn orðið af málsókninni.

Afstaða lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins hafi hins vegar dregið dilk á eftir sér fyrir stofnunina, eins og formaður og framkvæmdastjóri Húseigendafélagsins hafði boðað. Húseigendafélagið hafi hafið harða árás á Húsnæðisstofnun ríkisins í kvöldfréttatíma Stöðvar 2 28. október 1996 og í morgunþætti Þorgeirs Ástvaldssonar og Margrétar Blöndal á Bylgjunni 29. október 1996, þegar rætt hafi verið við Sigurð Helga Guðjónsson, stjórnarformann þess og framkvæmdastjóra.

Sigurður E. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar, hafi með bréfi, dags. 30. október 1996, farið þess á leit við stjórn Húseigendafé-

lagsins, að hún bæðist opinberlega afsökunar á ummælum formanns félagsins í garð stofnunarinnar og starfsmanna hennar og að formanninum yrði gert að draga ummælin til baka. Stjórn Húseigendafélagsins hafi ekki orðið við þessari ósk, heldur í staðinn staðfest á stjórnarfundi í félaginu 9. nóvember 1996, að ummæli stefnda Sigurðar Helga um stefnendur væru sett fram í nafni félagsins og með fullum stuðningi allra stjórnarmanna. Þann stjórnarfund hafi setið stjórnarmennirnir Benedikt Bogason, Guðrún Árnadóttir, Þórir Sveinsson og Karl Axelsson auk stefnda Sigurðar Helga Guðjónssonar. Þessa afstöðu stjórnar Húseigendafélagsins til ummæla Sigurðar Helga um stefnendur hafi mátt ráða af yfirlýsingu hans í fréttaviðtali á Bylgjunni 7. nóvember 1996, þar sem hann hafi fagnað málsókn af hálfu Húsnæðisstofnunar ríkisins með þessum orðum: „Það yrði þakkarvert að fá rannsóknarréttarhöld á afrekum hennar, og ég held, að hvorki ég, Húseigendafélagið né húseigendur, sem eiga um sárt að binda, þurfi að kvíða málalyktum í slíku máli.“

Í ljósi þessarar yfirlýsingar stjórnarformanns og framkvæmdastjóra Húseigendafélagsins og samþykktar stjórnar þess 9. nóvember 1996 hafi Húsnæðisstofnun ríkisins, framkvæmdastjóri stofnunarinnar og starfsfólk lögfræðideildar hennar talið nauðsynlegt að höfða mál þetta til að fá dæmd dauð og ómerk ummæli Sigurðar Helga og Húseigendafélagsins um sig í fjölmiðlum.

Stefndi Sigurður Helgi Guðjónsson hafi að nýju ráðist á æru Sigurðar E. Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins, í viðtali í morgunþætti Bylgjunnar 7. nóvember 1996, þegar honum hafi verið ljóst, að stofnunin, starfsmenn lögfræðideildar hennar og framkvæmdastjóri hygðust leita réttar síns fyrir dómstólum vegna ummæla Sigurðar Helga í fjölmiðlum 28. og 29. október 1996.

#### *Málsástæður og lagarök stefnenda.*

Stefnendur styðja kröfur sínar þeim rökum, að ummæli stefnda Sigurðar Helga Guðjónssonar um stefnendur í kvöldfréttatíma Stöðvar 2 28. október og morgunþætti Bylgjunnar 29. október 1996 hafi verið með öllu tilefnislaus og séu ærumeiðandi fyrir þá. Bæði viðtölin feli í heild sinni í sér refsiverðar aðdróttanir og móðganir í garð Húsnæðisstofnunar ríkisins, framkvæmdastjóra hennar og starfsmanna lögfræðideildar stofnunarinnar. Stefndu, Sigurður Helgi Guðjónsson og Húseigendafélagið, sem stefndi Sigurður Helgi stýri bæði sem stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, njóti talsverðrar virðingar hér á landi, og því hafi ummæli stefnda Sigurðar Helga um stefnendur í nafni samtakanna vakið mikla athygli. Eftir að þau hafi birst í sjón-

varpi og hljóðvarpi, hafi stefnendur bæði sem einstaklingar og í starfi sínu fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins orðið fyrir aðkasti og þeim brigslað um óheiðarleika.

Stefndi Sigurður Helgi Guðjónsson hafi látið hin óviðurkvæmilegu ummæli falla um stefnendur vegna afgreiðslu lögfræðideildarinnar á máli eins af skjólstæðingum Húseigendafélagsins, sem félagið hafi ekki getað sætt sig við, en stafað hafi af málefnalegum sjónarmiðum. Félaginu eða skjólstæðingi þess hafi staðið sú leið opin að leita réttar síns fyrir dómstólum eða innan stjórnarsýslunnar. Húsnæðisstofnun ríkisins og starfsmenn hennar verði hins vegar aldrei knúðir til að samþykkja greiðslu skaðabóta til skjólstæðinga Húseigendafélagsins með hótunum forsvarsmanns félagsins um að koma af stað fjölmiðlaumfjöllun um stofnunina, einstakar deildir hennar eða starfsmenn. Stefndi Sigurður Helgi Guðjónsson hafi látið stór orð falla um Húsnæðisstofnun ríkisins, eins og þau, að stofnunin væri villuráfandi, sjúk, höfuðið óvirkt, limirnir fúnir og líkaminn undirlagður af meinsemdum, þar sem lögfræðideildin væri ein af stóru meinsemdunum.

Húsnæðisstofnun ríkisins njóti æruverndar að íslenskum rétti fyrir meiðandi og traustspillandi ummælum eins og þeim, sem hér hafi verið tínd til af handahófi úr viðtölunum við Sigurð Helga Guðjónsson á Stöð 2 og Bylgjunni 28. og 29. október 1996, annaðhvort beint samkvæmt 234., 235. og 236. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 eða á grundvelli lögjöfnunar frá tilgreindum ákvæðum, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Stofnunin eigi því kröfu um, að dómstólar ómerki þessi og önnur ummæli Sigurðar Helga og Húseigendafélagsins um hana í greindum útvarpsviðtölum og dæmi Sigurð Helga til þyngstu refsingar, sem lög leyfi. Stefndi Sigurður Helgi hafi ráðist að æru Sigurðar E. Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins, meðal annars með þeim orðum, að höfuð stofnunarinnar sé óvirkt, meinsemdir fái að grassera innan hennar, fátt sé gert til áhrifaríkra úrbóta, aðeins yfirlór og „reddingar“, sem vekja náttúrulega efasemdir um stjórnun stofnunarinnar. Stefndi hafi jafnframt látið að því liggja, að Sigurður E. Guðmundsson væri stórt vandamál innan Húsnæðisstofnunar, sem stundaði einkafyrirgreiðslu utan laga og siðferðis og væri til vandræða sem forstöðumaður lánastofnunar. Með þessum ummælum sé hart vegið að æru og virðingu Sigurðar E. Guðmundssonar, sem sé framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins og annist, sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993 daglega stjórnun hennar, ráði starfsfólk, beri ábyrgð á fjárreiðum og starfsmannahaldi hennar. Ummælin beri að ómerkja, dæma stefnda Sigurð Helga til þyngstu refsingar og til greiðslu miskabóta og alls kostnaðar in solidum með Húseigendafélaginu.

Stefndi Sigurður Helgi hafi sakað starfsmenn lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins um spillingu, fjármálamisferli, svik, fjárdrátt og fjárplógsstarfsemi í eiginhagsmunaskyni á kostnað fólks í nauðum, en það sé Einar Jónsson hdl., Bragi Kristjánsson hdl., Hrannar Jónsson hdl., Margrét Gunnarsdóttir hdl., Gunnhildur Gunnarsdóttir hdl., Sif Guðjónsdóttir lögfræðingur, Hrafnkell Óskarsson lögfræðingur, Sigríður Þorgeirsdóttir lögfræðingur, Guðrún I. Svansdóttir fulltrúi, Margrét Jónsdóttir fulltrúi, Olgeir Möller fulltrúi og Jóhanna Margrét Bragadóttir fulltrúi. Hér sé um að ræða aðdróttanir um glæpsamlegt atferli af hálfu stefnenda, sem enginn fótur sé fyrir.

Ummæli sem þessi um starfsmenn lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins feli í sér ólögmæta og mjög grófa meingerð gegn æru þeirra. Með þeim vegi Sigurður Helgi Guðjónsson hæstaréttarlögmaður að starfsheiðri lögmanna, lögfræðinga og fulltrúa í lögfræðideild Húsnæðisstofnunar ríkisins og beri þeim á brýn m. a. auðgunarbrot, fjármálamisferli og spillingu.

Refsa beri Sigurði Helga fyrir þessa tilefnislausu árás á starfsmenn lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem fæstir hafi átt nokkur samskipti við Húseigendafélagið, framkvæmdastjóra þess eða stjórn í störfum sínum fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins, og dæma þeim miskabætur úr hendi stefndu in solidum.

Þó að hér að framan hafi verið tíunduð einstök ummæli stefnda Sigurðar Helga um stefnendur, sé sú krafa hins vegar gerð, að ummælin um þá undir staflidum a til j í heild verði dæmd dauð og ómerk og stefnda dæmd þyngsta refsing, sem lög leyfi, þar sem þau feli í sér aðdróttanir í garð stefnenda ýmist um álösunarvert eða álitsspillandi atferli og eiginleika, vítaverða framkomu og grófa vanrækslu. Refsingu verði að ákveða með hliðsjón af 72. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, þar sem þau séu sett fram í atvinnuskyni. Ummæli þau, sem mál þetta varði, feli sem heild í sér aðdróttanir og móðgandi ummæli um stefnendur, og eigi þeir því ótvírætt samlagsaðild.

Stefnendur vísa að öðru leyti til eftirtalinna lagaheimilda til stuðnings málsókn sinni. Þeir eigi samlagsaðild í þessu máli, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála og Hrd. 1981, bls. 1229. Krafa um ómerkingu tilgreindra ummæla í heild sinni sé studd 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Krafa um refsingu til handa stefnda Sigurði Helga Guðjónssyni vegna ærumeiðandi ummæla sé reist á 234., 235. og 236. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, sbr. 72. gr. þeirra, og 2. mgr. 35. gr. útvarpslaga nr. 68/1985. Miskabótakrafan til handa starfsmönnum lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins og framkvæmdastjóra stofnunarinnar sé reist á 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Krafa um greiðslu birtingarkostnaðar sé miðuð við 2. mgr. 241. gr.

alm. hgl. nr. 19/1940. Um varnarþing í máli þessu gildi 41. gr. laga um meðferð einkamála nr. 19/1991. Málskostnaðarkrafan sé byggð á ákvæðum XXI. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála.

*Stefndu. Málsatvik, málsástæður og lagarök.*

*Málavextir o. fl.*

Eins og stefnendur kveða stefndu, að upphaf þessa máls megi rekja til uppboðskaupa Byggingarsjóðs ríkisins á neðri hæð fasteignarinnar að Hlunnavogi 5 í Reykjavík, og hafi sjóðurinn fengið umráð eignarinnar 15. júlí 1993. Fyrri eigandi hafi þó setið áfram í eigninni, allt þar til að útburður hafi farið fram 8. júní 1995 að kröfu byggingarsjóðs, og muni það hafa verið í beinum tengslum við umfjöllun um málið í sjónvarpsþættinum „Í sannleika sagt“, sem sendur hafi verið út af Ríkissjónvarpinu 12. apríl 1995.

Samþýlið hafi valdið eiganda efri hæðar Hlunnavogs 5 mjög miklum ama, og ekki hafi ástandið batnað við eigendaskiptin, enda hafi fyrri eigandi setið áfram í húsnæðinu. Eignin hafi legið undir skemmdum, og þurft hafi að taka ákvarðanir um endurbætur og hefjast handa. Ekki hafi bætt úr skák, að lokað hafi verið fyrir hita á neðri hæð 28. mars 1994 og rafmagn verið tekið af hæðinni 5. maí s. á. Þetta hafi gerst á þeim tíma, sem Húsnæðisstofnun var eigandi hæðarinnar, en fyrri eigandi hafi setið þar án aðgerða stofnunarinnar.

Klara Njálsdóttir, eigandi efri hæðar, sé félagsmaður í Húseigendafélaginu. Hún hafi leitað til félagsins um aðstoð í glímu sinni við húseigandann, Húsnæðisstofnun ríkisins. Starfsmaður félagsins hafi ritað stofnuninni bréf 29. ágúst 1994 með beiðni um, að stofnunin léti rýma neðri hæðina eða sæi ella til þess, að ákvæðum laga nr. 59/1976 um fjölbýlishús og almennum réttarreglum um náþýli yrði sinnt. Bréfinu sýnist ekki hafa verið svarað. Hinn 4. júlí 1995 hafi Húseigendafélagið sent símbréf af sama tilefni, sem ekki heldur hafi verið svarað, svo að vitað sé. Enn hafi símbréf verið sent 9. ágúst 1995, dómskjal 24. Þessu bréfi hafi ekki heldur verið svarað, að því er virðist. Símbréfið hafi síðan verið ítrekað 23. ágúst 1995 og því látið ósvarað, eftir því sem best sé vitað. Að auki hafi stefndi Sigurður Helgi Guðjónsson margoft hringt í lögfræðideild Húsnæðisstofnunar í sömu erindum. Símtölin hafi loks borið þann árangur, að fundur hafi verið haldinn um málið 20. september 1995. Á fundinum mun hafa verið ákveðið, að tækni-deild Húsnæðisstofnunar gerði skýrslu um húsið.

Pegar skýrslan hafi legið fyrir án tölulegrar greiningar, hafi eigandi efri hæðar og Húseigendafélagið talið, að meta yrði, hvað gera þyrfti til þess að laga húsið allt, en sérstaklega íbúðina á efri hæð. Á fundi síðar sama haust

með Húsnæðisstofnun ríkisins, Húseigendafélaginu og Klöru Njálsdóttur hafi verið ákveðið að fá Kristín Sigurjónsson byggingameistara til þess að gera þessa úttekt. Mun Húsnæðisstofnun hafa samþykkt Kristín til verksins í þeim skilningi, að ekki yrðu gerðar athugasemdir við hæfni úttektarmannsins.

Af framangreindri lýsingu megi sjá, að stefnendur gefi ranga mynd af upphafi málsins, og virðist sem stefnendur telji, að málið hafi fyrst komið til umfjöllunar í september 1996, enda þótt fyrir liggi, að Húsnæðisstofnun hafi eignast umrædda eign 15. júlí 1993.

#### *Umfjöllun stefndu um ýmis málefni Húsnæðisstofnunar.*

Stefndu telja lögfræðideild Húsnæðisstofnunar hafa formlega verið setta á stofn með reglugerð nr. 370/1994 með heimild í 3. gr. laga nr. 97/1993. Áður hafi lögfræðingar starfað hjá stofnuninni, og í reynd muni lögfræðideild hafa tekið á sig núverandi mynd árið 1989. Fram til ársins 1990 hafi Landsbanki Íslands annast innheimtu fyrir stofnunina, þar á meðal hafi bankinn annast meðferð uppboðsmála fyrir hana. Í ársbyrjun 1990 hafi stefnendurnir Einar Jónsson og Bragi Kristjánsson starfað hjá stofnuninni ásamt Helga V. Guðmundssyni hdl. Þegar stofnunin hafi tekið við lögfræðilegri innheimtu krafna sinna á því ári, hafi verið ráðnir til starfa lögfræðingarnir Hrannar Jónsson, einn stefnenda, Stefán G. Þórisson, sem ráðinn hafi verið í júní 1990, en látið af störfum 15. nóvember 1991, og Þorvaldur Ragnarsson, sem ráðinn hafi verið í maí 1990, en látið af störfum 15. apríl 1994.

Húsnæðisstofnun ríkisins hafi borið að annast innheimtu skyldusparnaðar hjá launagreiðendum skyldusparenda samkvæmt 115. gr. laga nr. 86/1988. Því sé að vísu haldið fram í skýrslu um endurskoðun lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem unnin hafi verið af KPMG Endurskoðun hf. fyrir Ríkisendurskoðun í nóvember 1995, að Húsnæðisstofnun hafi ekki haft þetta verkefni, sem sé rangt samkvæmt tilvitnaðri lagagrein, 115. gr. laga nr. 86/1988, sbr. 3. gr. laga nr. 70/1990. Lögfræðingar stofnunarinnar hafi annast innheimtu skyldusparnaðar a. m. k. frá miðju ári 1991. Kröfur á hendur launagreiðendum hafi verið undirritaðar af lögfræðingunum f. h. Húsnæðisstofnunar á bréfhaus stofnunarinnar (á bréfhaus lögfræðinganna sjálfra, segi í skýrslu KPMG Endurskoðunar hf.). Af vanskilum hafi verið krafist innheimtubóknunar samkvæmt þágildandi gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en flestir lögfræðinganna hafi verið félagsmenn Lögmannafélags Íslands, og hafi stofnunin greitt félagsgjöld þeirra. Ferill innheimtra krafna muni hafa verið nokkuð sérstakur, og innheimtubóknunin, sem heimt hafi verið í nafni stofnunarinnar, hafi runnið til lögfræðinganna

sjálfra, að því er virðist, en ekki til hennar. Stefnu sé ekki kunnugt, hvort innheimta þessi og meðferð fjár og þóknunar hafi farið eftir mótuðum, skriflegum reglum stofnunarinnar. Innheimt fé, það er höfuðstóll, vextir og innheimtukostnaður, muni ekki hafa farið um bókhald Húsnaðisstofnunar, heldur um ávísanareikning stefnandans Einars Jónssonar nr. 8383 í útibúi Íslandsbanka hf., Suðurlandsbraut 30, bankanúmer 526, allt frá árinu 1990 til og með árinu 1994. Í skýrslu KPMG Endurskoðunar hf. komi fram, að ekki hafi verið gerður skriflegur samningur um þessa innheimtu, en lögfræðingarnir hafi haft leyfi stjórnar til að sinna henni á eigin vegum. Muni þessum verkefnum hafa verið sinnt í venjulegum vinnutíma hjá stofnuninni. Í skýrslunni komi enn fremur fram, að Húsnaðisstofnun hafi í nokkrum tilvikum greitt inn á reikning viðkomandi skyldusparenda, þar sem innheimta hafi af einhverri ástæðu misfarist, t. d. ekki gerð krafa í viðkomandi þrotabú. Í þessum þætti skýrslunnar megi sjá, að upplýsingar til endurskoðendanna hafi verið takmarkaðar; t. d. virðist þeir ekki hafa skoðað afrit raunverulegra innheimtubréfa. Þegar Húsnaðisstofnun ríkisins hafi tekið að sér innheimtu eigin krafna, m. a. með því að krefjast nauðungarsölu á eignum, sem hafi staðið til tryggingar fyrir lánum stofnunarinnar, hafi það kallað á verulega eflingu á starfsliði á lögfræðisviði stofnunarinnar, eins og áður sé gerð grein fyrir. Kröfur stofnunarinnar hafi verið innheimtar með kostnaði samkvæmt þágildandi gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og sjá megi af skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1992, bls. 74. Lögfræðingar stofnunarinnar, sem hafi innheimt kröfur í uppboðsandvirði, munu frá upphafi innheimtunnar hafa talið sig eiga rétt á að minnsta kosti hluta af innheimtubóknun vegna hverrar einstakrar kröfufylsingar. Innheimtubóknunin hafi verið lögð inn á sérstakan reikning í bókhaldi stofnunarinnar, nr. 352 405 eða líkt númer. Lögfræðingar stofnunarinnar eða stefnandinn Einar Jónsson fyrir þeirra hönd hafi átt í samningaviðræðum við stefnandann Sigurð E. Guðmundsson um málið. Samningar munu hafa verið komnir svo langt, að stefnandinn Sigurður sendi „Minnisblöð“, eitt eða fleiri, til stefnandans Einars af þessu tilefni. Jafnframt muni stefnandinn Einar Jónsson hafa skrifað félagsmálaráðuneytinu bréf um málið, annaðhvort árið 1992 eða 1993, og ráðuneytið svarað. Stefnandinn Sigurður hafi að lokum hafnað því, að innheimtubóknunin öll eða hluti hennar rynni til lögfræðinganna. Sú staðreynd standi þó óhögguð, að Húsnaðisstofnun hafi tekið þóknun eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, sem umboðsmaður Alþingis hafi talið óheimilt, sbr. skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1992. Óljóst sé, hversu lengi Húsnaðisstofnun ríkisins hafi haldið áfram að taka þóknun eftir gjaldskrá LMFÍ, eftir að umboðsmaður hafi fjallað um

málið, en stefnandinn Sigurður hafi látið hafa eftir sér í fjölmiðlum, að hann hefði margt að athuga við álit umboðsmanns, enda hefði stofnunin áður fengið álitsgerð lagastofnunar Háskóla Íslands, sem hefði ekki talið neitt athugavert við að innheimta samkvæmt gjaldskránni.

Umboðsmaður hafi einnig gert alvarlega athugasemd í skýrslu sinni fyrir árið 1992 (bls. 81) við þá tilhögun að jafna niður á skuldara sérstökum kostnaði, sem rakinn yrði til vanskila í einstökum tilvikum. Í framhaldi af áliti umboðsmanns hafi lögum verið breytt til þess að heimila Húsnæðisstofnun að leggja nokkurs konar jafnaðarinnheimtugjald á kröfur sínar. Um innheimtuþóknun stofnunarinnar á þessum tíma sýnist mega segja, að umboðsmaður hafi verið þeirrar skoðunar, að hún miðaðist ekki við skaðleysi kröfueiganda, heldur væri reist á ólögmætum grunni og ólögmætum sjónarmiðum beitt.

Þá sé alkunna, að skuldarar sækist eftir því við uppgjör á vanskilum sínum að fá fellda niður dráttarvexti. Sú regla muni almennt hafa verið viðhöfð hjá Húsnæðisstofnun að fella ekki niður dráttarvexti, þótt eftir væri leitað. Þessi regla muni þó ekki hafa verið án undantekninga, og kunni að vera, að ekki hafi einu gilt, hvort skuldari eða umboðsmaður hans hafi verið kunnugur stjórnendum eða ekki.

Af 16. gr. laga nr. 97/1993 megi ráða, að sú regla hafi almennt gilt hjá stofnuninni, að lán skyldi fylgja þeirri eign, sem veðsett hefði verið til tryggingar því. Víkið hafi verið frá þessari reglu í veigamiklum atriðum. Megi meðal annars sjá þessarar fullyrðingar stað í áðurnefndri endurskoðunarskýrslu, að því er varði starfsmenn stofnunarinnar sjálfrar. Athyglisvert sé og að lesa blaðaviðtal við stefnandann Sigurð í Póstinum, þar sem hann virðist telja það stofnuninni til gildis, að ekki sé gætt jafnræðis og lánþegar ekki heldur upplýstir um, hvaða kröfum þurfi að mæta til þess að fá undanþágu frá hinni almennu reglu.

Þá sé þess að geta, að stefnandinn Húsnæðisstofnun ríkisins hafi þurft að kaupa við nauðungarsölu allmargar fasteignir undanfarin ár. Hafi stofnunin haft af þessu verulegan kostnað. Um þetta sé ýtarlega fjallað í skýrslu um stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar á stofnuninni, sem út kom í október 1996, og einnig sé fjallað um þetta mál í áðurnefndri blaðagrein í Póstinum.

Sú regla virðist almennt eiga að gilda um endursölu fasteigna, sem stofnunin þurfi að leysa til sín, að þær séu seldar fyrir tilstilli fasteignasölu hér í borg. Frá þessu séu þó mjög margar undantekningar, m. a. sú veigamesta, að gera fyrri eiganda kost á að kaupa eignina aftur, sé þess nokkur kostur, sbr. bls. 131–140 í skýrslu Ríkisendurskoðunar um þetta atriði. Af skýrsl-

unni virðist einnig mega draga þá ályktun, að reglur stofnunarinnar í þessu tilliti hafi verið þess eðlis, að ekki hafi verið gætt þeirra sjónarmiða, sem líkleg væru til að þjóna hagsmunum hennar, ekki verið gætt jafnræðis milli skuldara, stofnunin haft mikinn og oft óþarfan kostnað af eignarhaldi sínu á fasteignum og vinnubrögð yfirleitt lausgyrt. Skorað sé á stefnendur að leggja fram yfirlit um íbúðir, sem stofnunin hafi selt starfsmönnum sínum eða nánum venslamönnum þeirra.

Þá sé að finna í skýrslu Ríkisendurskoðunar mýmörg dæmi um skort á reglubundinni stjórnýslu, skriflegum reglum og gæslu jafnræðis, s. s. um innheimtu vanskila, athugun á umsýslu og meðferð uppboðseigna og kostnað við eignarhald uppboðsíbúða. Í kaflanum um lögfræðideild og veðdeild LÍ sé margt tínt til, sem athugavert sé og betur megi fara.

Í þessu sambandi sé vert að vekja athygli á minnisblaði, sem stefnandinn Sigurður hafi skrifað í ágúst 1988 vegna endurskoðunarskýrslu fyrir árið 1987. Þar megi finna sérlega athyglisverða afstöðu stjórnvalds, þar sem segi, að „nauðsyn brjóti lög“. Sama afstaða komi einnig fram í blaðaviðtali við sama stefnanda í Póstinum frá ágúst 1995.

Annað dæmi um misbrest í eðlilegum stjórnýsluháttum hafi birst í því, að utan við lög og reglur stofnunarinnar hafi tíðkast um árábil, að starfsmenn hennar, sumir hverjir, hafi fengið lán frá stofnuninni með kjörum, sem voru til mikilla muna hagstæðari en venjulegir lántakar nutu. Í 16. gr. laga nr. 97/1993 komi fram, að lán frá Byggingarsjóði ríkisins skuli að jafnaði vera tryggt með 1. eða 2. veðrétti í viðkomandi fasteign. Hin svokölluðu starfsmannalán hafi verið veitt með tryggingu mun aftar í veðröð, og er hér til einföldunar tekið dæmi af lánum til stefnandans Sigurðar á árunum 1983 og 1987, annað nú á 9. veðrétti og hitt nú á 12. veðrétti. Húsnæðisstofnun ríkisins sé lánastofnun. Í venjulegum reglum um banka og slíkar lána- stofnanir gildi, að miklar hömlur séu lagðar á lánveitingar til helstu stjórnenda, sjá 47. gr. laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði. Lána- stofnunin Húsnæðisstofnun ríkisins hafi farið aðra leið, þótt nú hafi slíkar lánveitingar á sérkjörum verið felldar niður. Ekki sýnist þó hin gömlu lán hafa verið greidd upp.

Önnur dæmi um sérstaka fyrirgreiðslu til starfsmanna, er aðrir njóti ekki, séu veðflutningar þeir, sem greint sé frá í skýrslu KPMG Endurskoðunar hf. Einnig virðist sem stefnandanum Einari Jónssyni hafi verið heimilað að flytja veð á húseign sína að Sæviðarsundi 23, eins og fram lögð skjöl beri með sér.

Til viðbótar þessu hafi komið upp tvö tilvik, þar sem lögfræðingar í þjónustu Húsnæðisstofnunar hafi verið sakaðir um refsivert misferli í störfum

sínum og misnotkun aðstöðu. Báðir hafi látið af störfum. Annar hafi þó ekki látið af starfi fyrr en hálfu öðru ári eftir, að hann hafi viðurkennt fjárdrátt, sem í fyrstu hafi verið talinn nema um 500.000 kr. Hinn hafi notið aðstoðar samstarfsmanna sinna við umfangsmikla, sviksamlega veðflutninga og ekki einungis haldið lengi áfram starfi, eftir að misferlið komst upp, heldur hafi hann verið fenginn til að rannsaka eigið mál, og muni honum hafa verið greiddir 110 yfirvinnutímar við þá iðju.

Nýjustu dæmin um skort á stjórnnunarlegu eftirliti hafi komið í ljós, eftir að mál þetta var höfðað. Í fréttum hafi birst frásögn af umfangsmiklum svikum, sem hafi falist í því, að fengin voru lán til kaupa á verðlitlum eignum. Lánafjöldinn hafi verið a. m. k. sextán á stuttum tíma og heildarlánsfjárhæð um 80 milljónir króna. Lánin hafi numið margfalt hærri fjárhæð en verðmæti hinna veðsettu eigna samkvæmt venjulegum viðmiðunum. Stefnandinn Sigurður hafi nefnt það sem dæmi um árvekni starfsmanna stofnunarinnar, að upp hafi komist um svikin. Telja megi, að venjuleg árvekni við könnun lánsgagna hefði komið í veg fyrir þau.

#### *Málsástæður og lagarök stefndu.*

##### *1. Um sýknu vegna aðildarskorts.*

Stefndu telja, að almennt starfslið lögfræðideildar eigi ekki aðild að málinu. Þetta eigi við um Guðrúnu I. Svansdóttur, Margréti Jónsdóttur, Olgeir Möller og Jóhönnu Margréti Bragadóttur. Ekki verði talið, að starfslið, sem engan þátt eigi í ákvörðunum á vegum stofnunar, geti öðlast aðild að meidryðamáli einungis vegna þess, að það kjósi að taka til sín persónulega ummæli, sem beinist að stofnuninni sjálfri eða sérstakri deild innan hennar. Eigi ofangreint fólk sjálfstæða aðild að málinu, eigi jafnframt allir almennir starfsmenn Húsnæðisstofnunar sömu aðild, og beri þá að vísa málinu frá á grundvelli 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991.

Sama máli gegni um lögfræðingana Gunnhildi Gunnarsdóttur hdl., Hrafnkel Óskarsson, Sif Guðjónsdóttur og Sigríði Þorgeirsdóttur. Þau hafi ekki verið komin til starfa hjá Húsnæðisstofnun, þegar mál það hófst, sem sé upphaflegt tilefni málsóknarinnar. Þau virðist og ekki hafa verið komin til starfa, þegar þau vinnubrögð hófust, sem einkum hafi verið gagnrýnd hjá stofnuninni og lögfræðideild hennar sérstaklega. Þau eigi því ekki sjálfstæða aðild að málinu, jafnvel þótt þau kjósi að taka til sín persónulega ávirðingar, sem bornar séu á aðra.

Því beri að sýkna stefndu af kröfum þeirra vegna aðildarskorts og þeim gert að greiða stefndu málskostnað.

## 2. Málfrelsi og réttmæti ummæla.

Hvöss gagnrýni sé nauðsyn í lýðræðisþjóðfélagi. Í 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segi, að allir séu frjálsir skoðana sinna og sannfæringar, hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en verði að ábyrgjast þær fyrir dómi. Tjáningarfrelsi megí aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu og öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Þessi ákvæði stjórnarskrár séu og rækilega studd af 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Á grundvelli þessara réttarheimilda hljóti að vera ljóst, að opinberar stofnanir, sem fari með mikilsverða hagsmuni borgaranna, verði að sæta því, að starfsemi þeirra sé undirorpin gagnrýnni skoðun fjölmiðla og hagsmunasamtaka auk alls almennings. Verði að telja, að talsmenn samtaka, sem hafi það að markmiði að gæta hagsmuna tiltekins fjölda borgara, njóti rýmkaðs málfrelsis í umfjöllun sinni um starfsemi opinberra stofnana. Þetta leiði til þess, að hvöss ummæli séu refsilaus og verði ekki ómerkt, enda séu þau í samhengi við hagsmunagæslu samtakanna og fari ekki út fyrir viðmörk í málefnalegri umfjöllun.

Ljóst sé, m. a. af því, sem rakið sé hér að framan, að margt hafi verið at-hugavert og aðfinnsluvert á undanförnum árum í starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins, einkum lögfræðideildar hennar. Ríkisendurskoðun og aðilar á hennar vegum hafi talið, að mjög hafi skort á heildaryfirsýn, eðlilega reglu-festu, eðlileg stjórnunarsjónarmið og gæslu jafnræðis í umsýslu stofnunarinnar. Einnig sé opinbert, að umboðsmaður Alþingis hafi talið stofnunina fara langt út fyrir eðlilega hagsmunagæslu í innheimtu sinni með því að beita ekki eðlilegum skaðleysissjónarmiðum kröfueiganda, heldur gjaldskrá, sem miðuð sé við aðrar aðstæður en gildi hjá opinberri stofnun. Þá sé ljóst, að lögfræðingar stofnunarinnar hafi stundað umfangsmikla eigin starfsemi í vinnutíma sínum hjá stofnuninni, haft af því umtalsverðar tekjur og vænt annarra og meiri í skjóli starfsaðstöðu sinnar. Enn er ljóst, að misferli einstakra starfsmanna stofnunarinnar hafi verið mögulegt með tilstyrk annarra starfsmanna, sem ekki högnuðust á því. Loks er ljóst, m. a. af framlögðum dómskjöllum, að stefndu fyrir hönd Klöru Njálsdóttur, félagsmanns í Húseigendafélaginu, hafi þurft að una því, að réttmætum erindum til stofnunarinnar væri ekki svarað þrátt fyrir eftirgangsmuni fyrr en eftir óhæfilega langan tíma.

Því sé ljóst, að stefndu hafi haft fyllstu ástæðu til hvassrar gagnrýni á Húsnæðisstofnun, yfirstjórn hennar og lögfræðideild. Við mat á einstökum ummælum verði að hafa heildarmynd í huga svo og lýðræðishefð, sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrár.

Stefndu reisa sýknukröfu sína einkum á því, að ummælin, sem viðhöfð voru, séu sönn, exceptio veritatis, og ekki óhæfileg. Ummæli í lið j í stefnu réttlætist einnig af orðhefnd, retorsio.

Stefndu telja enn fremur, að stefnendur, sem opinber stofnun og starfsmenn í stjórnunar- og ráðgjafarstörfum, verði að una því að vera gagnrýndir mjög harkalega, jafnvel þótt gagnrýnin kunni í einhverjum atriðum að vera efnislega röng, svo fremi að röng ummæli séu ekki höfð uppi af illfýsi eða gegn betri vitund. Beri þá stefnendur sönnunarbyrði fyrir því, að svo hafi verið.

### 3. Um ómerkingarkröfur.

Sú regla sé almennt viðurkennd, að sönn ummæli verði ekki ómerkt. Í þessu samhengi þurfi og að hafa í huga, að sum ummæli stefnda Sigurðar, sem stefnt sé út af, séu gildishlaðin, þannig, að ólíkir menn leggi misjafnan skilning í sömu ummælin. Sem dæmi megi nefna, að einn kann að telja, að ásakanir um spillingu eigi því aðeins rétt á sér, að sýnt sé fram á, að viðkomandi hafi sjálfur hagnast. Aðrir telji spillingu meðal annars felast í því, að þegnum sé mismunað eða jafnræðisreglur brotnar, án þess að séð verði, að sá, sem ásakaður sé, hafi hagnast.

### 4. Einstök ummæli.

Þess sé krafist í stefnu, að ummæli í alls tíu þáttum, a-j, verði ómerkt í heild sinni og refsað fyrir þau. Stefndu réttlæti ummælin með eftirtöldum rökum:

Um „a“. Stefndu hafi fært sönnur á það með framlagningu gagna, að réttmætum erindum í bréfum og símbréfum hafi ekki verið svarað. Skoðanamunur á tölulegu réttmæti hugsanlegra krafna réttlæti ekki, að opinber stofnun svari ekki bréfum. Þessi framkoma sé auk þess brýnt brot á meginreglum stjórnsýsluréttar og stjórnsýslulaga. Ummælin um spillingu, hroka, vanhæfni og eiginhagsmunapot réttlæta stefndu með því að hluta, að þau séu gildishlaðin, en að öðru leyti með vísan til þess, sem skýrsla KPMG Endurskoðunar hf. og stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar á starfsemi Húsnæðisstofnunar hafi leitt í ljós, svo og til staðreynda um eigin innheimtustarfsemi lögfræðinga í nafni stofnunarinnar og samkvæmt gjaldskrá, sem í þessu tilliti hafi verið óviðurkvæmileg, eins og skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1992 beri með sér.

Ummælin um margar meinsemdir og innanmein séu fyllilega réttlætt, m. a. með vísan til sömu gagna og endurskoðunar frá árinu 1987, auk þess sem vitað sé um einkastörf lögfræðinga í vinnutíma sínum. Ummælin um, að Húsnæðisstofnun eigi að vera lánastofnun, en sé rekin sem félagsmála- stofnun og verndaður vinnustaður, réttlæta stefndu m. a. með vísan til

áður nefndrar endurskoðunar árið 1987 og þeirra staðreynda hins vegar, að starfsmenn, sem uppvísir hafi orðið að misferli, hafi haldið áfram störfum, jafnvel í yfirvinnu við rannsókn eigin máls svo og starfsmannalána án lagaheimildar og veðflutninga í þágu starfsmanna.

Um „b“. Ummælin eru réttlætt sem mat stefndu á framkomu stefnenda við Klöru Njálisdóttur.

Um „c“. Ummælin séu rétt. Bréfum hafi ekki verið svarað, og eins liggi fyrir upplýsingar um eigin hagsmuni eða væntanlega hagsmuni lögfræðinga við innheimtu skyldusparnaðar og gerð kröfulýsinga í uppboðsandvirði, veðflutninga í eigin þágu og kærðan fjárdrátt og eins það, að innheimtustarfsemin hafi skilað verulegum hagnaði, sem notaður hafi verið til að greiða annan rekstrarkostnað. Stofnunin fari því ekki enn eftir ábendingum umboðsmanns um skaðleysissjónarmið við innheimtu.

Um „d“. Í skýrslu KPMG komi fram, að mistök við innheimtu skyldusparnaðarkrafna hafi verið hulin með því, að stofnunin hafi sjálf greitt þær kröfur, sem hún átti að innheimta. Þetta sé eitt dæmi um klúður, sem kostað hafi skattborgarana fjármuni. Svipuð dæmi megi finna í skýrslunni frá 1987. Sýnist síst ofmælt í þessum ummælum.

Um „e“. Alþekkt sé, að fólki, er eigi undir högg að sækja vegna vanskila sinna, standi ógn af lögfræðingum, sem hafi mál þess til innheimtu. Í ummælunum sé lýst almennum staðreyndum.

Um „f“. Þessi ummæli séu nægilega réttlætt með tilliti til fyrirbyggjandi gagna.

Um „g“. Lokinu hafi nú verið lyft. Ljóst sé, að ekki hafi verið á almannavitorði, að lögfræðingar Húsnæðisstofnunar hafi sinnt störfum í eiginhagsmunaskyni í vinnutíma stofnunarinnar og stundað útgáfu heimilda til veðflutninga og veðleyfa í eiginhagsmunaskyni eða í þágu samstarfsmanna sinna. Ekki hafi heldur verið á almannavitorði, að sviksamlegir veðflutningar lögfræðings í þjónustu stofnunarinnar hafi verið mögulegir með tilstyrk annarra starfsmanna. Þótt grunsemdir hafi verið uppi, hafi ekki heldur verið vissa fyrir þeim skorti á árvekni og stjórnunarlegu eftirliti.

Um „h“. Ekki verði séð, með hvaða hætti þessi ummæli eigi að vera ærumeiðandi eða ómerkjanleg. Þau séu viðhöfð vegna hótunar stefnenda um málsókn.

Um „i“. Vissulega séu þessi ummæli um stjórnun stofnunarinnar hvöss. Þess verði að gæta, að Ríkisendurskoðun hafi í stjórnsýsluendurskoðun sinni talið mikinn misbrest í gæslu jafnræðis, eðlilegrar stjórnunar innheimtuferils, gæslu hagsmuna stofnunarinnar og fjármuna hennar. Fleiri málsskjöl styðji þennan áfellingisdóm um lögfræðideildina og yfirstjórn, sem

felist í hlutlausu orðalagi skýrslunnar. Þá verði þess að gæta, að kristinn siðaboðskapur kenni, að við góðverk skuli vinstri höndin ekki vita, hvað sú hægri gjörir, sbr. Matt. 6,3: „En þegar þú gefur ölmusu, viti vinstri hönd þín ekki, hvað sú hægri gjörir.“ Þetta sé göfug siðaregla í mannlegum samskiptum, en afleið stjórnsýsluregla. Jafnræði þegnanna krefjist þess einmitt, að stofnun viti, hvað hún gjörir, hvor höndin sem notuð sé, óháð því, hvaða deild vinni verkið. Stjórnsýsluleg staða stofnunarinnar hafi verið óljós og jafnvel rætt um að leggja hana niður. Að auki hafi hún á undanförunum árum af ýmsum tilefnum verið borin þungum sökum í fjölmiðlum, og séu ummælin framhald þeirrar fjölmiðlaumfjöllunar. Því sé ekki ofsagt, að stofnunin sé í tilvistarkreppu. Hin hvössu ummæli réttlætist því af fram lögðum gögnum, vísan til rýmkaðs málfrelsis stefndu og lýðræðishefða.

Um „j“. Stefndu vísa til þess, að því er þennan kröfulið varðar, að viðtalið við stefnda Sigurð hafi verið tekið í framhaldi af viðtali við stefnandann Sigurð á sömu útvarpsstöð. Stefnandinn Sigurður hafi viðhaft þar hörð ummæli um stefnda Sigurð, og verði ummæli stefnda Sigurðar því að skoðast sem réttmæt orðhefnd, retorsio. Um góðmennsku stefnandans Sigurðar megi m. a. vitna til ummæla, sem hann hafi viðhaft í blaðaviðtölum, svo og þess, að vitað sé, að í einhverjum tilvikum hafi hann látið fella niður réttkræfa dráttarvexti af kröfum stofnunarinnar, þótt almenna reglan væri sú að fella dráttarvexti alls ekki niður.

Eins og áður greinir, sé það almenn regla, að sannindi eða réttlætning ummæla valdi því, að þau séu hvorki refsiverð né ómerkjanleg. Tilvísanir til ákvæða XXIII. kafla almennra hegningarlaga styðji því hvorki kröfu um refsingu né ómerkingu og þá ekki heldur kröfu um sérstaka greiðslu til birtningar dóms, sbr. 2. mgr. 241. gr.

##### *5. Um skaðabótakröfur stefnenda.*

Eins og sýnt hafi verið fram á, feli hin umstefndu ummæli ekki í sér meingerð gegn æru stefnenda, það er, að ummælin hafi verið réttlætt eða séu réttmæt gagnrýni aðila, sem njóti rýmkaðs málfrelsis og séu í samræmi við lýðræðishefð, verði ekki dæmdar bætur fyrir ummælin, þótt hvöss séu. Athuga beri, að sérstök sjónarmið eigi við um almenna starfsmenn stofnunarinnar svo og lögfræðinga, sem nýlega séu komnir til starfa, enda sýknu þar krafist á grundvelli aðildarskorts.

##### *Málskostnaður.*

Stefndu reisa málskostnaðarkröfu sína á 1. og 3. mgr. 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Nauðsynlegt sé í tengslum við ákvörðun málskostnaðar að fá upplýst, hver beri kostnað af mál-sókninni af hálfu stefnenda, að minnsta kosti fyrst um sinn. Sé það rétt, sem ráða megi af ummælum, er höfð hafi verið eftir stefnandanum Sig-

urði í morgunþætti Bylgjunnar 13. nóvember sl., að Húsnæðisstofnun hafi ráðið lögmann, megi því ætla, að það sé hin opinbera stofnun, sem beri kostnaðinn, og bæri þá að taka tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar, ef ekki verði um fullkomna sýknu að ræða.

*Forsendur og niðurstaða.*

Við aðalmeðferð málsins gáfu stefnendur skýrslu að undanteknum stefnendunum Olgeiri Möller, Sigríði Þorgeirsdóttur og Margréti Jónsdóttur. Þá var skýrsla tekin af Klöru Njálsdóttur og einnig af Þorvaldi Ragnarssyni og Stefáni Geir Þórisssyni, fyrrum starfsmönnum Húsnæðisstofnunar, svo og Þórhalli Birgi Jóseppssyni og Gunnari S. Björnssyni, sem sæti eiga í stjórn Húsnæðisstofnunar.

Vísað verður til framburðar þeirra, eftir því sem ástæða þykir.

Stefndu hafa krafist sýknu vegna aðildarskorts nokkurra stefnenda, sem starfa hjá lögfræðideild Húsnæðisstofnunar, á þeirri forsendu, að ýmist sé um almennt starfsfólk lögfræðideildar að ræða, sem ummæli stefnda Sigurðar hafi ekki beinst gegn, eða starfsfólk, sem hafi ekki verið komið til starfa, þegar þeir atburðir gerðust, sem urðu kveikjan að málsókn þessari.

Þeir starfsmenn, sem hér er um að ræða, eru þessir að ætlan stefndu: Guðrún I. Svansdóttir, Margrét Jónsdóttir, Olgeir Möller og Jóhanna Margrét Bragadóttir, en þessir einstaklingar gegni almennum skrifstofustörfum. Eins sé háttað um lögfræðingana Gunnhildi Gunnarsdóttur hdl., Hrafnkel Óskarsson, Sif Guðjónsdóttur og Sigríði Þorgeirsdóttur, en þau hafi ýmist ekki verið komin til starfa, þegar ummæli stefnda Sigurðar féllu, eða ekki haft nein afskipti af máli Klöru Njálsdóttur.

Dómurinn hafnar þessari málsástæðu stefndu í fyrsta lagi á þeirri forsendu, að ummæli stefnda Sigurðar beindust að öllu starfsfólki lögfræðideildarinnar, og í annan stað, að allt þetta fólk starfaði hjá lögfræðideildinni, þegar stefndi Sigurður viðhafði þau ummæli, sem mál þetta fjallar um. Það á því lögvarða hagsmuni með sama hætti og aðrir starfsmenn til aðildar að málinu.

Stefndu vísa til þeirrar frumforsendu, að 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og lög nr. 62/1994 veiti mönnum viðtækan rétt til að láta í ljós skoðanir sínar og takmarki rétt löggjafans og annarra stjórnvalda til að hefta tjáningarfrelsið. Stefndi hafi ekki gengið lengra í ummælum sínum um stefnendur en heimilt sé að lögum (sjá umfjöllun stefnda undir lið 2, Málfrælsi og réttmæti ummæla á bls. [1403–1404]).

Í tilvitnuðum lagafyrirmælum er kveðið svo á, að óheimilt sé að leggja bönd á tjáningarfrelsi manna nema í sérstökum afmörkuðum tilvikum, en sá, sem neytir þessara heimilda, beri ábyrgð á gjörðum sínum fyrir dómi. Í 2.

mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar er fjallað um þær skorður, sem setja megi tjáningarfrelsinu. Þar á meðal er heimilt að takmarka tjáningarfrelsið til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum, eins og greinir í ákvæðinu.

Stjórnarskráin og mannréttindasáttmáli Evrópu, sem lögfestur var með lögum nr. 62/1994, veita þegnum þessa lands viðtæk mannréttindi, og er áherslan þar lögð á frelsi einstaklingsins.

Mannréttindi hafa tvö andlit í lagalegu tilliti. Annað varðar frelsi manna til orða og athafna, m. a. til að láta í ljós hugsanir sínar og skoðanir. Tjáningarfrelsið snýr út á við gagnvart þjóðfélaginu og öðrum einstaklingum. Hitt veit að vernd einstaklingsins sjálfs fyrir utanaðkomandi misgjörðum í orði og athöfnum annarra.

Þegar þessi tvö grundvallarsjónarmið vegast á, verða dómstólar að skera úr um það, hvor þessara þýðingarmiklu réttinda skuli fremur virða í hverju einstöku tilviki.

Mikilsvert er hverju lýðræðisþjóðfélagi, að gagnrýnin umræða sé leyfð og fari fram, og hvíla tilvitnuð lagaákvæði m. a. á þeirri grunnhugsun. Gagnrýni verður þó að vera málefnaleg og beinskeytt, þótt hvöss sé, og laus við órökstuddar meiðandi dylgjur og aðdróttanir í annarra garð.

Mannréttindakafli stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmáli Evrópu leggja þunga áherslu á rétt manna til frelsis og mannhelgi, sbr. 5. gr. laga nr. 62/1994. Í þeim hugtökum felst það jafnframt, að stjórnvöldum ber að veita þegnum vernd fyrir utanaðkomandi árásum á líkama og mannorð.

Tilgangur refsilöggjafar lýtur í meginatriðum að því að tryggja og viðhalda vernd einstaklingsins gegn hvers konar árásum annarra.

Í XXV. kafla almennra hegningarlaga (alm. hgl.) nr. 19/1940 eru ákvæði sett til verndar æru manna og brotum gegn friðhelgi einkalífs.

Þau ákvæði þessa kafla alm. hgl., sem koma til álitu og stefnendur vísa til, eru svohljóðandi:

Ákvæði 234. gr.: „Hver, sem meiðir æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver, sem ber slíka aðdróttun út, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 1 ári.“

Ákvæði 235. gr.: „Ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíkt út, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 1 ári“.

Ákvæði 236. gr.: „Sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft

sennilega ástæðu til að halda hana rétta, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.“

Einnig vísa stefnendur til 241. gr. alm. hgl., sem er svohljóðandi: „Í meið-yrðamáli má dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess, sem misgert var við. Dæma má þann, sem sekur reynist um ærumeiðandi að-dróttun, til þess að greiða þeim, sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt, eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum.“

Fjallað verður næst um þau ummæli, sem stefndi Sigurður viðhafði, og tekin afstaða til þess, hvort ummælin séu þess eðlis, að þau beri að ómerkja á grundvelli 241. gr. alm. hgl., eins og stefnendur gera kröfu til.

Því næst verður tekin afstaða til refsikröfu stefnenda á hendur stefnda Sigurði og kröfu þeirra um greiðslu birtingarkostnaðar og loks um miska-bótakröfur stefnenda.

### *I. Ómerking ummæla.*

Ummæli í kvöldfréttum Stöðvar 2 28. október 1996 (sjá kröfugerð stefnenda á bls. [1389] að framan).

Um kröfulið a.

Ummælin eru margþætt, og verður fjallað um hvern þátt þeirra, eins og ástæða þykir.

Með fullyrðingu sinni um, að bréfum sé ekki svarað, vísar stefndi Sigurður til þess, að hann hafi í tengslum við málefni Klöru Njálsdóttur sent Húsnæðisstofnun bréf, sem ekki hafi verið svarað. Í málinu liggur fyrir bréf frá starfsmanni Húseigendafélagsins til Húsnæðisstofnunar v/ Byggingarsjóðs ríkisins, dagsett 29. ágúst 1994. Er þar borin fram kvörtun f. h. Klöru Njálsdóttur vegna ónæðis, tillitsleysis og yfiringangs, sem fyrri eigandi neðri hæðar hússins sé valdur að, og þess óskað, að séð verði til þess, að hann verði borinn út úr íbúðinni tafarlaust, eða tryggt verði með öðrum hætti, að hann virði umgengnisreglur og sambýlishætti, sem gildi í fjöleignarhúsum. Svo virðist sem þessu bréfi hafi ekki verið svarað. Önnur bréf, sem stefndu hafa lagt fram og vísa til á bls. [1404] að framan, eru stíluð á stefnandann Hrannar Jónsson hdl. Var þess þar óskað, að Hrannar hefði samband við bréfitarann, stefnda Sigurð, og upp gefinn beinn sími hans. Hrannar Jónsson hdl. bar það hér fyrir dómi, að hann hefði haft samband við stefnda Sigurð símleiðis út af þessum bréfum, eins og hann hafði óskað eftir. Í kjölfar þessara samtala hafi Hrannar ásamt Einari Jónssyni, forstöðumanni lögfræðideildar, átt fund með Klöru og stefnda Sigurði haustið 1995, eins og

hann hafi farið fram á. Að sögn Hrannars var tilefni þessara tilkynninga og fundarins það að ræða hugsanleg kaup Klöru á neðri hæð hússins, og einnig hafi hún sett fram kröfur vegna óþæginda, sem fyrri eigandi þeirrar íbúðar hafði valdið henni. Í framhaldi af fundinum hafi starfsmaður Húsnæðisstofnunar skoðað eign Klöru. Sú fullyrðing stefnda Sigurðar sé hins vegar röng, að Húsnæðisstofnun hafi samþykkt að fá Kristín Sigurjónsson til að meta húseignina. Það hafi einungis verið að ósk Klöru.

Af gögnum málsins og framburði Hrannars Jónssonar hdl., sem hefur ekki verið hnekkt, þykir sannað, að Húsnæðismálastofnun hafi svarað með fullnægjandi hætti og innan eðlilegs tíma bréfum Húseigendafélagsins og stefnda Sigurðar að undanskildu bréfi frá ágúst 1994. Því þykir það ofmælt í ummælum stefnda Sigurðar, að bréfum sé yfirleitt ekki svarað, í besta falli seint og illa, og ber því að ómerkja þessi ummæli stefnda Sigurðar.

Næsta setning, sem krafist er ómerkingar á, samkvæmt þessum kröfulið, hljóðar svo: „Þar eru brotnar allar góðar venjur og reglur í stjórnsýslunni.“ Í þessu sambandi vísar stefndi Sigurður til fyrrgreindrar fullyrðingar, sem lýtur að því, að starfsmenn Húsnæðisstofnunar svari yfirleitt ekki bréfum, en það fari í bága við meginreglur stjórnsýsluréttar og stjórnsýslulaga. Með vísan til umfjöllunar dómsins hér að framan um þennan þátt ummæla stefnda Sigurðar með sérstakri skírskotun til þeirrar fullyrðingar stefnda Sigurðar, að stofnunin svari yfirleitt ekki bréfum, ber að ómerkja þau ummæli stefnda Sigurðar, sem tilgreind eru hér að framan.

Næsta málsgrein undir þessum kröfulið hefst á orðunum: „Því miður“ – og endar á „... og hvar sem lítið er.“

Fyrri málslíður þessarar málsgreinar varðar það álit stefnda Sigurðar, að lögfræðideildin fái algjöra falleinkunn. Hér er um álit stefnda Sigurðar að ræða, sem vart er svo meiðandi, að ástæða þyki til að ómerkja ummælin með vísan til þess, að Klara Njálsdóttir, umbjóðandi hans, hafði um langa hríð orðið að þola ójöfnuð og yfirgang af völdum fyrri eiganda neðri hæðar Hlunnavogs, án þess að lögfræðideildin sinnti erindi hennar um útburð hans fyrr en tæpu ári eftir, að hún bar fram kvörtun yfir umgengni hans.

Þá er næst að fjalla um þau ummæli stefnda Sigurðar, sem hefjast á orðunum: „Saga hennar er svört“ – og endar á „langt til jafnað.“ Að mati dómsins felast mjög alvarlegar ásakanir í þessari staðhæfingu stefnda Sigurðar. Því er haldið fram af stefnda Sigurðar hálfu, að hér sé um gildismat hans að ræða á lögfræðideildinni. Mönnum sé heimilt að hafa hvaða skoðun, sem er, á hverju máli og þurfi ekki að sæta opinberri stýringu eða hafa skoðanir í samræmi við ákveðin viðurkennd viðhorf. Þetta sé hans afstaða og viðhorf til lögfræðideildarinnar. Fallist er á þetta grundvallarsjónarmið

stefnda Sigurðar. Hins vegar ber þess hér að gæta, við hvaða aðstæður ummæli eru viðhöfð, af hvaða tilefni og í hvaða tilgangi. Verður vikið nánar að því síðar.

Samkvæmt Orðabók Menningarsjóðs, útg. 1983, merkir orðið *spilling* m. a. mútuþægni, siðleysi, vont siðferði. Síðastgreinda merkingin er sú, sem almennust er að mati dómsins. Orðið hroki merkir samkvæmt sömu heimild dramb, stærilæti, þótt og yfirlæti. Önnur stóryrði stefnda Sigurðar undir þessum lið þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Það er álit dómsins, að stefndi Sigurður hafi hér skotið langt yfir það mark, sem tilvitnuð ákvæði hegningarlaga um æruvernd setja.

Sé litið til máls Klöru Njálisdóttur, sem „kórónar skömmina“ að mati stefnda Sigurðar, er aðstaðan þessi:

Byggingarsjóður ríkisins, sem er undir stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, keypti neðri hæð húseignarinnar Hlunnavogs 5 í Reykjavík á uppboði 20. apríl 1993 og fékk uppboðsafsal fyrir eigninni 29. apríl 1994. Byggingarsjóður fékk að sögn stefnda Sigurðar umráð yfir eigninni 15. júlí 1993. Eignin er seld 24. október 1995. Eins og áður er lýst, var lokað fyrir hita að eigninni í lok marsmánaðar 1994 og fyrir rafmagn í byrjun maí s. á. Þetta var gert að sögn stefnendanna Einars Jónssonar, yfirlögfræðings Húsnæðisstofnunar, og Sigurðar E. Guðmundssonar í sparnaðarskyni, enda hafði fyrri eigandi eignarinnar ekki sinnt um að greiða þessi afnotagjöld, en ljóst hafi verið að þeirra mati, að hann hefði getað fengið að nýju þessi orkuafnot, hefði hann óskað eftir því við viðkomandi orkustofnanir. Að sögn Klöru Njálisdóttur hér fyrir dómi setti hún sig fyrst í samband við Húsnæðisstofnun haustið 1993, og hafi samskiptin verið vinsamleg í fyrstu. Hafi hún einkum verið í sambandi við stefnandann Hrannar Jónsson lögfræðing, en síðan haft samband við stefnandann Sigurð E. Guðmundsson, forstjóra stofnunarinnar, og einnig við formann stjórnar stofnunarinnar, en þetta hafi engan árangur borið. Hafi hún þá snúið sér til Húseigendafélagsins, er ritaði bréfið frá 29. ágúst 1994, sem áður er lýst. Var fyrri eigandi borinn út úr neðri hæð hússins 8. júní 1995. Haustið 1995 gerði Klara Njálisdóttir tilboð í neðri hæð hússins að Hlunnavogi 5, sem ekki var tekið. Skömmu áður hafði hún átt fund með þeim Einari Jónssyni yfirlögfræðingi og Hrannari Jónssyni lögfræðingi ásamt stefnda Sigurði til að ræða hugsanleg kaup neðri hæðar og um bætur vegna tjóns, sem hún taldi sig hafa orðið fyrir vegna vanrækslu fyrri eiganda um sameiginlegt viðhald eignarinnar, og vegna tjóns, sem hlotist hefði vegna þess, að íbúð neðri hæðar hafði ekki verið kynt í langan tíma. Í kjölfar þessa lét Húsnæðisstofnun sérfróðan starfsmann sinn athuga allt húsið. Komst hann að þeirri niðurstöðu, að Klara hefði orðið fyrir

ópægingdum og fjáruhlátum vegna þess, að ekki var haldið eðlilegum hita á neðri hæðinni, sem einnig kynni að hafa verið meðverkandi orsök þess, að gólfdukur hafði losnað á hluta stofugólfs í íbúð hennar. Áður er komið fram, að Klara fékk Kristín R. Sigurjónsson byggingameistara til að kanna húsið nokkru síðar. Í álitsgerð hans kemur ekkert fram um það, að ástand íbúðar Klöru megi rekja til þess, að neðri hæð var óupphituð um skeið. Álitsgerðin varðar annars vegar kostnað við viðgerð á íbúð Klöru og hins vegar sameiginlegan kostnað utanhúss, að fjárhæð 870.000 kr. Þess er aftur á móti getið, að kyndingarleysi neðri hæðar hafi leitt til aukins hitakostnaðar efri hæðar. Álitsgerð Kristins er dags. 18. mars 1996. Samkvæmt gögnum málsins gerist það næst, að stefndi Sigurður ritar byggingarsjóði bréf, dags. 11. september 1996, sem áður er lýst. Þar gerir hann m. a. kröfu til þátttöku sjóðsins í sameiginlegum viðgerðarkostnaði hússins, að fjárhæð 300.000 kr., án þess að ástæða þeirrar kröfugerðar sé skýrð frekar. Eftirleiknum hefur áður verið lýst.

Þetta er lýsing þeirrar atburðarásar, sem „kórónar skömmina“ að mati stefnda Sigurðar.

Stefndi Sigurður hefur það sér til málsbóta, að því er varðar mál Klöru Njálisdóttur eingöngu, að framganga lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar við rýmingu neðri hæðar var slæg í meira lagi. Þeim, sem þar réðu húsum, var fullljóst, að nærvera fyrri eiganda hafði margvísleg ópægingi í för með sér fyrir Klöru, sem kvartað hafði margsinnis undan þessu áreiti. Þeim mátti einnig vera ljóst, að það kynni að hafa ópægingi og kostnað í för með sér fyrir Klöru að loka fyrir hita neðri hæðar. Ekki afsakar það vanrækslu þeirra í þessu efni, þótt afgreiðsla málsins hafi dregist vegna þess, að eigandi neðri hæðar hafi margsinnis falast eftir endurkaupum á eign sinni með óraunhæfum tilboðum, vanefnt margsinnis loford um að rýma eignina og gert sátt um rýmingu hennar, sem ekki hafi staðist, eins og stefnandinn Einar Jónsson yfirlögfræðingur færði fram lögfræðideildinni til málsbóta hér fyrir dómi.

Því má taka undir þau ummæli stefnda Sigurðar um vanhæfni, en eingöngu að því leyti, er snýr að þessu einstaka máli, enda liggja engar upplýsingar fyrir um önnur tilvik, sem styðja fullyrðingu stefnda Sigurðar í þessa átt.

Til stuðnings réttmæti ummæla sinna um spillingu o. s. frv. vísar stefndi Sigurður m. a. til skýrslu endurskoðunarskrifstofu KPMG Endurskoðunar hf. frá nóvember 1995, sem kannaði sérstaklega starfsemi lögfræðideildarinnar, og enn fremur til stjórnsýsluendurskoðunar Ríkisendurskoðunar á starfsemi Húsnæðisstofnunar. Í þessum skýrslum er bent á ýmislegt, sem

betur mætti fara í starfsemi lögfræðideildarinnar, en þar er ekki að finna neitt, sem staðfest geti þessi ummæli stefnda Sigurðar, að öðru leyti en því, sem snýr að misferli lögfræðinganna Þorvalds Ragnarssonar hdl. og Helga V. Guðmundssonar hdl. Þorvaldur hefur verið dæmdur til refsingar fyrir athæfi sitt í Héraðsdómi Reykjavíkur, en mál Helga er í rannsókn hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Því má taka undir það með stefnda Sigurði, að þessir tveir lögfræðingar deildarinnar urðu uppvísir að misferli, sem ber vitni um spillingu.

Ummæli stefnda Sigurðar beinast hins vegar að öllum, sem störfuðu á lögfræðiskrifstofu Húsnæðisstofnunar, án frekari skýringar eða aðgreiningar. Það ber að átelja að mati dómsins.

Loks lúta ummæli stefnda Sigurðar í þessum þætti að eiginhagsmunapoti lögfræðinga lögfræðideildar.

Til stuðnings ummælum sínum vísar stefndi Sigurður til þess, að lögfræðingar deildarinnar hafi stundað eigin innheimtustarfsemi í nafni Húsnæðisstofnunar og beitt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, sem hafi verið óheimil að áleti umboðsmanns Alþingis. Þeir hafi notað til þess tölvubúnað stofnunarinnar og alla aðstöðu, sem þar var að fá, og unnið þessi störf á venjulegum vinnutíma. Einnig hafi þeir sótt uppboð fyrir aðra lögmenn gegn gjaldi.

Í endurskoðunarskýrslu KPMG hf. frá nóvember 1995, sem áður er vísað til, segir svo í sambandi við innheimtu lögfræðideildarinnar á vangoldnum skyldusparnaði: „Samkvæmt lögum um skyldusparnað ungmenna, sem afnumin voru árið 1993, sá Húsnæðisstofnun um varðveislu skyldusparnaðarins. Samkvæmt lögnum bar stofnunin hins vegar ekki ábyrgð á að innheimta, ef launagreiðendur stóðu ekki í skilum. Allmargir launþegar leituðu hins vegar til stofnunarinnar, þegar um vanskil var að ræða, og óskuðu eftir aðstoð. Stjórn stofnunarinnar samþykkti, að lögfræðingar hennar mættu persónulega taka að sér slíka innheimtu. Ekki er fyrir hendi skriflegur samningur milli stofnunarinnar og starfsmanna hennar vegna þessa eða nánari lýsing á því, hvernig að slíkri innheimtu skyldi staðið eða hvernig ábyrgð á innheimtunni væri háttáð. Þau innheimtubréf, lögtaksbeiðnir o. fl., sem send hafa verið út vegna innheimtumála, hafa verið á bréfsefni viðkomandi lögfræðings, en ekki Húsnæðisstofnunar. Þóknun fyrir innheimtuna hefur runnið til viðkomandi lögfræðings. Skyldusparendum hefur aldrei verið gerður reikningur vegna árangurslausrar innheimtu, og ekki hefur heldur verið tekin innheimtubóknun í þeim tilvikum, sem Ábyrgðarsjóður launa hefur greitt kröfuna.“ ... „Í nokkrum tilvikum hefur Húsnæðisstofnun greitt inn á skyldusparnaðarreikning, þar sem innheimta hef-

ur af einhverri ástæði misfarist, það er, að til dæmis hafi verið send innheimtubréf, en hins vegar ekki gerð krafa í þrotabú viðkomandi og skyldusparandi þar af leiðandi ekki fengið neitt úr búinu.“

Að sögn þeirra lögfræðinga deildarinnar, sem gáfu skýrslu fyrir dómnum, var til þess ætlast, að þeir ynnu þessi störf utan reglulegs vinnutíma. Það hafi verið gert í meginatriðum, en óhjákvæmilega hafi hluti vinnunnar verið unninn í reglulegum vinnutíma. Þá greindu þeir frá því, að þrír lögfræðingar hefðu annast innheimtuna, en stefnandinn Einar Jónsson, forstöðumaður deildarinnar, séð um bókhald og fjárreiður. Tekjum hefði hins vegar verið skipt jafnt á milli þeirra sex lögfræðinga, sem störfuðu í deildinni.

Dómurinn fær ekki séð, að sú starfsemi, sem stefndu benda á í þessu sambandi, beri vitni um eiginhagsmunapot lögfræðinga lögfræðideildar. Stjórn stofnunarinnar veitti lögfræðingum deildarinnar heimild til að taka þessi störf að sér, þar sem þörf var á þessari þjónustu við skyldusparendur. Þá getur dómurinn ekki fallist á það, að óviðurkvæmlegt eða ósiðlegt hafi verið að beita gjaldskrá Lögmannafélagsins, eins og hér stóð á, enda þótt Húsnæðisstofnun hafi látið í té alla aðstöðu. Lögfræðingar deildarinnar upplýstu dómnum um það, að gjaldskráin hefði verið höfð til hliðsjónar og henni beitt vægilega. Skýrsla KPMG styður þá frásögn. Dómari máls þessa stundaði lögmannsstörf í 29 ár og telur sig þekkja það svið allvel. Lögfræðingar stofnana og lögmannsstofa, sem á annað borð hafa haft heimild til að vinna aukastörf, hafa á þessu tímabili beitt gjaldskránni átölulaust og notað búnað og tæki vinnuveitenda sinna. Stefndu vísa í þessu sambandi til skýrslu umboðsmanns Alþingis frá árinu 1992. Það álítaefni, sem umboðsmaður fjallaði um, varðaði ekki gjalddöku innheimtulauna vegna innheimtu vangoldins skyldusparnaðar og þykir því ekki eiga við í þessum þætti málsins. Vikið verður síðar að þessari málsástæðu stefndu.

Niðurstaða dómsins, að því er varðar þessi sérstöku ummæli stefnda Sigurðar, er á þá leið, að ómerkja beri þau í heild, enda er framsetning þeirra með þeim hætti, að þau fela í sér alhæfingu og vísa almennt til lögfræðideildarinnar, en ekki til þeirra einstaklinga, sem þar starfa eða hafa starfað og gerst hafa sekir um refsiverðar ávirðingar.

Næst verður fjallað um þau ummæli stefnda Sigurðar í þessum kröfufilið stefnenda, sem hefjast á orðunum: „Vitaskuld hlýtur kastljósið hér“ – og enda á orðunum „það kann ekki góðri lukku að stýra.“

Þau ummæli í þessum kröfupætti, sem að mati dómsins teljast ámælisverð og beri að ómerkja, hljóða svo: „Það er ljóst, að það eru margar meinsemdir og innanmein, sem hrjá líkama þessarar stofnunar, og ég held, að lögfræðideildin sé jafnvel sú illkynjaðasta.“

Stefndu halda því fram, að fram hafi komið við könnun KPMG hf. og stjórnsýsluathugun Ríkisendurskoðunar, að margt hafi verið athugavert við rekstur og starfsemi Húsnæðisstofnunar. Við athugun þessara heimilda má finna ýmsar aðfinnslur, athugasemdir og ábendingar um það, sem betur mætti fara. Hins vegar er þar ekki að finna neitt, sem réttlætt geti ofangreind ummæli stefnda Sigurðar. Um önnur ummæli stefnda Sigurðar í þessum þætti er það að segja, að þau lýsa mati hans á stofnuninni og eru ekki þess eðlis að hyggju dómsins, að ástæða þyki til að ómerkja þau.

Niðurstaða dómsins, að því er varðar þennan kröfulið stefnenda, er þessi: Ómerkja ber eftirfarandi ummæli: 1) „Bréfum er yfirleitt ekki svarað, í besta falli seint og illa.“ 2) „Þar eru brotnar allar góðar venjur og reglur í stjórnsýslunni.“ 3) „Saga hennar er svört, vörðuð spillingu, hroka, vanhæfni og eiginhagsmunapotí, og í máli Klöru Njálsdóttur er skömmin kórónuð og langt til jafnað.“ 4) „Það er ljóst, að það eru margar meinsemdir og innan-mein, sem hrjá líkama þessarar stofnunar, og ég held, að lögfræðideildin sé jafnvel sú illkynjaðasta.“

Við umfjöllun um aðra kröfuliði stefnenda, sem varða ómerkingu annarra ummæla stefnda Sigurðar, verður vísað til þess, sem fjallað hefur verið um undir þessum kröfulið, eftir því sem við á.

Ummæli stefnda Sigurðar í morgunþætti Bylgjunnar 29. október 1996:

Um kröfulið b, sjá kröfugerð stefnenda á bls. [1390].

Samskiptum Klöru Njálsdóttur og stefnda Sigurðar við lögfræðideild Húsnæðisstofnunar er lýst hér að framan. Þar er fallist á, að lögfræðideildin hafi ekki sinnt máli Klöru sem skyldi, er hafi haft í för með sér margvísleg óþægindi fyrir hana. Ummæli stefnda Sigurðar eru að mati dómsins í engu samræmi við þær ávirðingar, sem saka má lögfræðideildina um í þessu efni. Þykir stefndi Sigurður hafa gengið of langt í ummælum sínum, og ber því að ómerkja þau.

Um kröfulið c, sjá enn kröfugerð stefnenda bls. [1390]. Á bls. [1405] hér að framan undir lið c eru sjónarmið stefndu rakin, að því er þennan kröfulið varðar, og vísast þar til.

Ummæli stefnda Sigurðar undir þessum kröfulið fela í sér margháttaðar aðdróttanir og stóryrði. Verður fjallað um hverja einstaka setningu eftir því, sem ástæða þykir, en um sumt vísað til þess, sem þegar hefur verið tekið afstaða til.

Fyrsta setning þessara ummæla hefst á orðunum: „Lögfræðideildin, hún hefur drepíð málinu á dreif“ – og endar á orðunum „saga lögfræðideildarinnar er mjög dökk.“ Ekki þykir ástæða til að ómerkja upphafsorð setningarinnar, sem fela í sér þá fullyrðingu stefnda Sigurðar, að lögfræðideildin

hafi dregið málinu á dreif og dregið það á langinn. Hér vísa stefndu til afgreiðslu lögfræðideildarinnar á máli Klöru Njálsdóttur. Dómurinn hefur áður lýst viðhorfi sínu gagnvart afgreiðslu lögfræðideildarinnar á þessu máli og fallist á það með stefndu, að þar hafi ekki verið rétt að verki staðið. Þá hefur enn fremur verið tekin afstaða til þeirrar almennu fullyrðingar stefnda Sigurðar, að lögfræðideildin svari ekki bréfum, og þau ummæli ómerkt. Með vísan til þess verða þessi ummæli stefnda Sigurðar einnig ómerkt í þessu samhengi.

Því næst verður fjallað um ummæli stefnda Sigurðar undir þessum kröfutilið, sem lúta að því, að saga lögfræðideildarinnar sé mjög dökk og hún vörðuð spillingu og eiginhagsmunapot og hroka.

Sú staðreynd er kunn, að tveir lögfræðingar deildarinnar hafa orðið uppvisir að misferli af ýmsu tagi. Helgi V. Guðmundsson varð uppvis að því að hafa heimildarlaust flutt veð sér viðkomandi frá einni eign á aðra, og eins hefur Þorvaldur Ragnarsson orðið uppvis að margháttuðu misferli, eins og áður er lýst. Þetta hlýtur að hafa varpað dökkum skugga á lögfræðideildina sem slíka. Ummæli stefnda Sigurðar beinast að lögfræðideildinni allri og því starfsfólki, sem þar starfaði á þeim tíma, er þau voru sögð, án nokkurrar aðgreiningar, enda þótt þá lægi fyrir, hverjir hefðu misfarið með það traust, sem til þeirra var borið. Því þykir rétt að ómerkja þau ummæli stefnda Sigurðar í þá veru, að saga lögfræðideildarinnar sé dökk.

Stefndu nefna sér og til málsbóta fyrir þeirri fullyrðingu stefnda Sigurðar um eiginhagsmunapot, að lögfræðingar deildarinnar hafi falast eftir því að fá hlutdeild í innheimtulaunum af uppboðsandvirði, og því megi ætla, að þeir hafi gengið harðar fram í innheimtuaðgerðum sínum en ella.

Eins og áður er komið fram, ályktaði umboðsmaður Alþingis árið 1992 í þá veru, að lögfræðideild Húsnæðisstofnunar væri óheimilt að beita gjaldskrá LMFÍ, heldur skyldi miða við þann kostnað, sem deildin raunverulega hefði af innheimtu vanskilaskulda við Byggingarsjóð ríkisins. Þá ályktaði umboðsmaður, að óheimilt væri að jafna innheimtukostnaði milli landshluta, eins og gert hefði verið.

Í skýrslu umboðsmanns kemur fram, að Húsnæðisstofnun leitaði álits lagastofnunar Háskólans og fékk þá umsögn, að henni væri heimilt að beita gjaldskrá LMFÍ. Því liggur fyrir, að lögfræðideild Húsnæðisstofnunar var í góðri trú um réttmæti starfsaðferða sinna að þessu leyti. Verður því hvorki stofnunin sem slík né lögfræðideild hennar sökuð um spillingu í þessu samhengi.

Við skýrslutöku hér fyrir dómi kom það fram hjá stefnandanum Sigurði E. Guðmundssyni, forstjóra Húsnæðisstofnunar, að lögfræðingar deildar-

innar hefðu falast eftir þessu á sínum tíma, en hann ekki talið lagaheimild fyrir því og hafnað þessari málaleitan. Lögfræðingarnir Einar Jónsson, forstöðumaður lögfræðideildarinnar, og Bragi Kristjánsson lögfræðingur staðfestu, að tillaga í þessa átt hefði verið sett fram við yfirstjórn stofnunarinnar. Þetta hefði verið liður í kjarabaráttu þeirra, en verið hafnað. Fyrir liggur í málinu, að þessir atburðir gerðust árið 1991, fimm árum áður en stefndi Sigurður viðhafði umrædd ummæli. Þykja ummæli þessi ekki eiga neina stoð, og ber því að ómerkja þau.

Næst verður tekin afstaða til ummæla stefnda Sigurðar frá orðunum „margir misjafnir sauðir, sumir spilltir,“ – til orðanna „tínast eitthvað út að undanfögnu“, og enn fremur frá setningu, sem hefst á orðunum: „Menn hafa verið látnir fara“ – og til loka þessa kröfuliðar, sem endar á orðunum „utanaðkomandi þrýsting.“

Af þessum ummælum verður ekki annað ráðið en sumir hinna spilltu, misjöfnu sauða séu enn að störfum hjá lögfræðideild Húsnæðisstofnunar, enda þótt einhverjir hafi verið látnir fara, en þá eingöngu fyrir utanaðkomandi þrýsting. Hér er um mjög alvarlega, meiðandi fullyrðingu að ræða gagnvart þeim lögfræðingum, sem störfuðu í lögfræðideildinni á þeim tíma, þegar ummæli stefnda Sigurðar féllu. Einnig felst í þessum orðum sú aðdróttun á hendur stjórn stofnunarinnar, að hún hafi látið það sukk og þá spillingu viðgangast, sem stefndi Sigurður dróttar að henni. Fyrir þessari fullyrðingu stefnda Sigurðar er enginn fótur að mati dómsins. Því verða þessi ummæli ómerkt að kröfu stefnenda.

Þá verður að lokum undir þessum kröfulið fjallað um þá fullyrðingu stefnda Sigurðar, að lögfræðingar lögfræðideildarinnar hafi um langt skeið stundað fjárplógsstarfsemi í eiginhagsmunaskyni á kostnað fólks í nauðum o. s. frv. Eftir því sem best verður séð, vísar stefndi Sigurður hér til þess, að lögfræðingar deildarinnar hafi sótt uppboð fyrir aðra gegn gjaldi. Í skýrslum sínum hér fyrir dómi báru þeir lögfræðingar, sem gáfu skýrslu, að þeir hefðu í einhverjum mæli mætt fyrir aðra gegn gjaldi, en fleiri töldu, að oftast hefði verið um vinargreiða að ræða eða greiða við starfsfélag, sem ekki hefði komið greiðsla fyrir.

Dómara er vel kunnugt um það frá lögmannstíð sinni, að það hefur lengi tíðkast, að lögmennt sæki þing o. fl. hver fyrir annan ýmist gegn gjaldi eða sem greiða gegn greiða. Hefur það hingað til ekki talist til fjárplógsstarfsemi á kostnað fólks í nauðum. Hér ræður það úrslitum, hvort starfsmenn lögfræðideildar hafi brotið með þessu starfsskyldur sínar gagnvart vinnuveitanda sínum með þessari iðju. Í málinu er ekkert fram komið, sem gefur vísbendingar í þá átt. Með vísan til þessa ber því að ómerkja þessi ummæli stefnda Sigurðar.

Niðurstaða dómsins, er þennan kröfulið varðar, er því sú, að ómerkja beri þau ummæli, að lögfræðideildin svari ekki bréfum og orðsendingum, að saga deildarinnar sé dökk og vörðuð spillingu og eiginhagsmunapotí og hroka, að þar hafi verið margir misjafnir sauðir, sumir spilltir. Einnig þykir rétt að ómerkja öll önnur ummæli stefnda Sigurðar samkvæmt þessum lið frá orðunum: „þeir spilltu hafa verið að tínast eitthvað út“ – og til loka þessa kröfuliðar, sem endar á orðunum „fyrir en eftir mikinn utanaðkomandi þrýsting.“

Um kröfulið d, sjá kröfugerð bls. [1390]. Sjá einnig umfjöllun stefndu vegna þessa kröfuliðar á bls. [1405].

Þessi ummæli virðast beinast eingöngu að lögfræðideildinni sem slíkri, en ekki stjórn Húsnæðisstofnunar.

Stefndu hafa ekkert lagt fram í málinu, sem styðji þá fullyrðingu stefnda Sigurðar, að fjöldi manna hafi borið sig illa undan viðskiptum við lögfræðideildina og eftir hana liggi slóð af klúðri. Ber því að ómerkja þessi ummæli hans.

Í sambandi við síðari hluta ummæla hans samkvæmt þessum kröfulið vísa stefndu í fyrsta lagi til þess, að mistök hafi orðið við innheimtu lögfræðideildar á skyldusparnaðarkröfum, sem leitt hafi til þess, að stofnunin hafi orðið að greiða þær. Í skýrslu KPMG hf., sem vísað er til að framan, segir, að í nokkrum tilvikum hafi Húsnæðisstofnun greitt inn á skyldusparnaðarreikning, þar sem innheimta hafi misfarist af einhverri ástæðu. Með hliðsjón af þessari skýrslu verður að telja það ofmælt, að þetta hafi kostað stofnunina og borgara þessa lands háar fjárhæðir. Í annan stað vísa stefndu sér til málsbóta í sambandi við þennan kröfulið til skýrslu Ríkisendurskoðunar, þar sem fjallað er um rýmingu fasteigna, sem keyptar hafa verið á nauðungaruppboði, kostnað við eignarhald slíkra íbúða og útlánatöp stofnunarinnar. Ekki er þar að finna beinan áfellsdóm um lögfræðideildina sem slíka, enda liggja rætur þeirra fjárútláta, sem þar er fjallað um, oftast dýpra. Í flestum þeim tilvikum, þar sem um útlánatöp er að ræða, er ástæðan fólgin í röngu greiðslumati viðkomandi skuldara, sem aðrir hafa með höndum en umrædd lögfræðideild.

Því verða ummæli samkvæmt þessum kröfulið ómerkt í heild sinni.

Um kröfulið e, sjá bls. [1390]. Umfjöllun stefndu um þennan kröfulið má finna á bls. [1405].

Fallast má á það með stefndu, að velflestum þeim, sem eiga í fjárhagserfiðleikum, stendur nokkur ógn af þeim lögfræðingum, sem um mál þeirra fjalla, og hlýtur svo einnig að vera um lögfræðinga Húsnæðisstofnunar, sinni þeir starfi sínu svo sem til er ætlast.

Þykir því ekki ástæða til að ómerkja þessi ummæli.

Um kröfulið f, sjá kröfugerð bls. [1390]. Umfjöllun stefndu er að finna á bls. [1405].

Hér er um að ræða mat stefnda Sigurðar. Ummælin segja í sjálfu sér ekkert ein sér.

Þykir því ekki ástæða til að ómerkja þessi ummæli.

Um kröfulið g, sjá kröfugerð bls. [1391] og einnig umfjöllun stefndu á bls. [1405].

Stefndi Sigurður hefur með málsókn þessari fengið tækifæri til að lyfta lokinu af þeirri tunnu, sem hann hefur handbæra að eigin sögn. Hafi lokinu verið lyft, er ekki að sjá að mati þessa dóms, að afleiðingarnar séu slíkar, sem stefndi Sigurður boðaði.

Með vísan til þessa ber að ómerkja þessi ummæli að kröfu stefnenda.

Um kröfulið h, sjá kröfugerð bls. [1391] og umfjöllun stefndu bls. [1405].

Þau ummæli, sem hér er um að ræða og ærumeiðandi eru að mati dómsins, felast í þeirri fullyrðingu stefnda Sigurðar, að fjölmargir húseigendur og borgarar eigi um sárt að binda eftir trakteringar þessarar lögfræðideildar. Stefndu hafa ekkert lagt fram til stuðnings þessari fullyrðingu stefnda Sigurðar. Þegar hefur verið fjallað um mál Klöru Njálisdóttur, sem þessi ummæli e. t. v. gætu átt við. Hins vegar er hér um órökstudda staðhæfingu að ræða, sem vísar til ótilgreinds fjölda starfsmanna. Þegar af þeirri ástæðu verða hin meiðandi ummæli ómerkt svo og setningin öll, eins og stefnendur krefjast.

Um kröfulið i, sjá kröfugerð stefnenda bls. [1391] og umfjöllun stefndu bls. [1405].

Hér er lögfræðideildin sem fyrr þungamiðjan í orðum og umfjöllun stefndu undir þessum kröfulið, hvernig slíkt skaðræðisfyrirbrigði hafi náð að skjóta rótum og þrífast innan Húsnæðisstofnunar. Skýringin liggir í vanhæfni stjórnenda til að uppræta þennan ósóma.

Stefndu réttlæta þessi ummæli m. a. með vísan til stjórnsýslukönnunar Ríkisendurskoðunar á starfsemi Húsnæðisstofnunar og skýrslu KPMG á starfsemi lögfræðideildarinnar. Þá vísa stefndu til þess, að Húsnæðisstofnun hafi ekki gætt jafnræðis í samskiptum sínum við viðskiptamenn sína. Fáum útvöldum, m. a. starfsmönnum hennar, hafi verið heimilað að flytja veð milli fasteigna, þótt flestum hafi verið það fyrirmunað. Einnig hafi starfsmenn stofnunarinnar átt kost á lánum með sérkjörum, og vikið hafi verið frá lagaskilyrðum um veðtryggingar, þegar starfsmenn eða aðrir, sem eitt-hvað áttu undir sér, hafi átt hlut að máli. Sigurður E. Guðmundsson upplýsti dóminn um það, að engar reglur væru um veðflutninga og aðalreglan

sú, að slíkt væri óheimilt. Engu að síður hefði verið vikið frá þessari reglu, þegar knýjandi ástæður lægju að baki beiðni um slíkt, og væri það í sínum verkahring að taka ákvörðun þar að lútandi sem yfirmanns stofnunarinnar. Hann kvaðst telja, að til þessa hefði komið u. þ. b. 10–15 sinnum á 30 ára starfsferli sínum. Þá upplýsti hann, að um starfsmannalánin hefðu gilt aðrar reglur en um almenn lán að því leyti, að lánið væri talið fylgja starfsmanninum, en ekki eigninni, og því hefði starfsmönnum verið heimilað að flytja veðkröfur milli fasteigna. Sérstök starfsmannalán hefðu verið aflögð árið 1986.

Við athugun þeirra gagna, sem stefndu hafa vísað til, svo og við könnun annarra málsskjala kemur ekkert, sem að mati dómsins geti réttlætt þau gífurlyri, sem stefndi Sigurður viðhafði og krafist er ómerkingar á undir þessum kröfulið.

Ummæli þessa kröfuliðar verða því ómerkt í heild sinni.

Ummæli stefnda Sigurðar í morgunþætti Bylgjunnar 13. nóvember 1996:

Um kröfulið j, sjá kröfugerð stefnenda bls. [1391] að framan og umfjöllun stefndu bls. [1406].

Stefndi Sigurður heldur því fram, að hér sé um orðhefnd að ræða, retorsio. Sigurður E. Guðmundsson hafi í viðtali í morgunþætti Bylgjunnar sama dag viðhaft niðrandi orð um sig, og hafi hann verið að svara ásökunum nafna síns. Í viðtali því, sem stefndi Sigurður vísar til, viðhafði nafni hans Guðmundsson m. a. þau orð, að hann, stefndi Sigurður, væri búinn að mála félag það, sem hann veitti forstöðu, út í horn og hann væri orðinn stærsta vandamál þess félags. Þá hafi Sigurður E. Guðmundsson enn fremur staðhæft í þessu viðtali, að menn myndu áreiðanlega forðast að hafa meiri samskipti við þetta félag (Húseigendafélagið) en nauðsyn krefði, því að menn myndu ekki kæra sig um að fá svívirðingar yfir sig í fjölmiðlum í hvert skipti, sem formanninum mislíkaði eitthvað.

Við mat á því, hvor nafnanna gengur lengra í ærumeiðandi aðdróttunum, þykir halla á Sigurð E. Guðmundsson í þessu sambandi. Það er mat dómsins, að stefndi Sigurður hafi gengið lengra í orðhefnd sinni en tilefni var til. Því þykir rétt að ómerkja öll ummæli stefnda Sigurðar undir þessum kröfulið.

Í þessu sambandi þykir rétt að vekja athygli á því, að stefndi Sigurður hefur ekki gagnstefnt til ómerkingar þeirra ummæla, sem nafni hans Guðmundsson viðhafði í umræddu viðtali.

## *II. Refsikrafa stefnenda á hendur stefnda Sigurði Helga Guðjónssyni.*

Stefndu bera fyrir sig tjáningarfrelsið og lögvernd þess í stjórnarskrá Íslands og mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur var hér á landi með

lögum nr. 62/1994. Tjáningarfrelsinu eru settar þær skordur, að sá, sem það nýtir, er ábyrgur fyrir ummælum sínum og þarf að svara til saka fyrir dómi gagnvart þolendum þess, sem verndaðir eru af ákvæðum XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ummæli stefnda Sigurðar eru að mati dómsins í heild sinni ámælisverð. Þau hafa að geyma aðdróttanir og dylgjur um alvarlegar ávirðingar og ásakanir um siðferðilegan misbrest hjá starfsfólki lögfræðideildar Húsnaðisstofnunar, forstjóra hennar og yfirstjórn. Í ummælunum felst ekki málefnaleg gagnrýni. Þar er ekki bent á einstök afmörkuð atriði, sem ámælisverð þykja. Þau eru almenns eðlis og gefa í skyn atferli, sem felur í sér misnotkun valds, fjármálaóreiðu og spillingu starfsmanna lögfræðideildarinnar í heild án nokkurra undantekninga og beinast enn fremur að forstjóra stofnunarinnar og yfirstjórn.

Það orkar ekki tvímælis, að ýmislegt má betur fara í stjórn stofnunarinnar og starfsemi lögfræðideildar hennar, eins og fram kemur í skýrslum þeim og gögnum, sem lögð hafa verið fram í málinu, en svo er einnig um velflest fyrirtæki og stofnanir, án tillits til þess, hvort starfsemin er á sviði opinbers rekstrar eða einkalegs eðlis. Hins vegar er ekki unnt að finna þeim ásökunum stað í málsskjöllum, sem stefndu reisi málsvörn sína á.

Því er hafnað þeirri málsástæðu stefndu, að sannindi eða réttlætning ummæla valdi því, að ummælin séu hvorki refsiverð né ómerkjanleg, enda hefur þeim ekki tekist sú sönnun að mati dómsins.

Í þessu sambandi verður einnig að líta til þess, af hvaða tilefni stefndi Sigurður viðhafði hin ærumeiðandi ummæli og hvar. Í bréfi sínu til stefnandans Einars Jónssonar, forstöðumanns lögfræðideildar, dags. 4. október 1996, sem áður er getið, lætur stefndi Sigurður að því liggja, að fjölmiðlar hafi mikinn áhuga á málinu og hafi beðið um að fá að fylgjast með því og vilji gjarnan veita Klöru lið. Í niðurlagi bréfsins gefur stefndi Sigurður í skyn, að verði erindi sínu hafnað, geti það dregið dilk á eftir sér. Einar Jónsson gat þess í skýrslu sinni fyrir dóminum, að hann hefði átt símtal við stefnda Sigurð, eftir að bréf þetta var ritað. Þá hefði stefndi Sigurður hótáð blóðugri baráttu, ef ekki yrði orðið við erindi sínu f. h. Klöru Njálsdóttur, og sagst myndu fara með málið í fjölmiðla. Ef aftur á móti yrði fallist á kröfurnar, yrði Húsnaðisstofnun í hans huga sú góða stofnun, sem hún hefði verið hingað til. Þessum framburði Einars hefur ekki verið sérstaklega mótmælt eða hnekkt á annan hátt.

Því verður að líta svo á, að stefndi Sigurður hafi verið að fylgja eftir hótunum sínum með því að viðhafa þau ummæli, sem hér er deilt um. Slík hagsmunagæsla, sem stefndi Sigurður viðhafði fyrir umræddan félagsmann í

Húseigendafélaginu, þykir ekki samræmast góðum og vönduðum lögmannsstörfum, enda gerir íslenskt stjórnkerfi ráð fyrir því, að ágreiningi sé ráðið til lykta með öðrum hætti. Þessi vinnubrögð stefnda Sigurðar þykja ekki síður ámælisverð fyrir þá sök, að hann gegnir stöðu framkvæmdastjóra í fjölmönnum samtökum, sem hafa á sjöunda þúsund félagsmanna að sögn stefndu. Sem slíkur og sem virtur lögmaður vega orð hans og ummæli þyngra en þeirra, sem minna eiga undir sér. Við mat á refsinnæmi ummæla hans verður litið til þessa. Einnig ber að hafa hliðsjón af því í þessu sambandi, að ummæli stefnda Sigurðar voru að hluta viðhöfð í aðalfréttatíma Stöðvar 2, sem er einn áhrifamesti fjölmiðill landsins og nær til velflestra landsmanna. Útvarpsstöðin Bylgjan er einnig áhrifamikill og útbreiddur fjölmiðill, sem nær víða um land.

Ummæli stefnda Sigurðar virðast hafa verið sett fram í þeim tilgangi einum að vega að æru þeirra, sem þau beindust að. Hér var því ekki um að ræða málefnalega gagnrýni, sem ávallt á fullan rétt á sér og er nauðsynlegt aðhald stjórnvöldum og öðrum valdastofnunum þjóðfélagsins.

Þegar allt er virt, sem að framan er rakið, þykir rétt að dæma stefnda Sigurð til greiðslu sektar með vísan til 234. og 235. gr. alm. hgl., sem ákveðst hæfileg 120.000 kr., sem renni í ríkissjóð, en til vara komi tólf daga varðhald, verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

### *III. Krafa stefnenda um miskabætur.*

Ummælum stefnda Sigurðar var beint gegn öllum þeim, sem störfuðu hjá lögfræðideild Húsnaðisstofnunar, óháð því, hvort þeir höfðu nokkur samskipti átt við hann. Allir starfsmenn deildarinnar, lögfræðingar sem aðrir, voru skotsþónn hans.

Stefnandinn Guðrún Ingibjörg Svansdóttir, sem starfar við símavörslu og skrifstofustörf hjá lögfræðideildinni, greindi dóminum frá því, að eftir ummæli stefnda Sigurðar hefði orðið mikil breyting á framkomu þeirra, sem til deildarinnar leituðu. Margir þeirra hefðu verið með alls konar dylgjur og aðdróttanir og lýst þeirri skoðun sinni, að eintómir glæpamenn væru þar að störfum, og haft í frammi hótanir af ýmsu tagi, fengju þeir ekki óskir sínar, m. a. blaðaumfjöllun. Hún kvaðst hafa tekið ummælin nærri sér.

Í sama streng tók stefnandinn Jóhanna Margrét Bragadóttir, sem gegnir sömu störfum og Guðrún Ingibjörg. Jóhanna Margrét kvað ummælin einnig hafa haft neikvæð áhrif í einkalífi sínu.

Stefnendurnir lögfræðingarnir Margrét Gunnarsdóttir, Hrafnkell Óskarsson, Gunnhildur Gunnarsdóttir og Sif Guðjónsdóttir greindu með sama hætti frá reynslu sinni af ummælum stefnda Sigurðar. Þau töldu, að ummæl-

in væru og meiðandi fyrir starfsheiður sinn og atvinnumöguleika á öðrum vettvangi.

Ljóst þykir, að stefndi Sigurður hefur með ummælum sínum vegið þungt að æru stefnenda, og þykja þau því eiga rétt til miskabóta með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sem teljast hæfilega ákveðnar 20.000 kr. fyrir hvert stefnenda að undanskildum stefnandanum Húsnæðisstofnun ríkisins, enda verður ekki séð, að tilvitnuð lagagrein verndi æru lögpersónu eftir orðalagi sínu.

Stefndu Sigurður Helgi Guðjónsson og Húseigendafélagið dæmast til að greiða tildæmdar miskabætur óskipt. Skulu þær bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.

*IV. Krafa stefnenda um greiðslu kostnaðar við birtingu dóms, forsendna og dómsorðs, í þremur dagblöðum.*

Fallist er á kröfu stefnenda samkvæmt þessum kröfulið með vísan til 2. mgr. 241. gr. alm. hgl. að öðru leyti en því, að hæfilegur birtingarkostnaður ákveðst 200.000 kr., sem stefndu Sigurður Helgi Guðjónsson og Húseigendafélagið dæmast til að greiða óskipt. Tildæmd fjárhæð skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá dómsuppsögu til greiðsludags og uppfærslu vaxta skv. 12. gr. vaxtalaga, fyrst tólf mánuðum eftir dómsuppsögu.

*V. Krafa stefnenda um greiðslu málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu, Sigurðar Helga Guðjónssonar og Húseigendafélagsins.*

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga dæmast stefndu til að greiða stefnendum óskipt málskostnað, sem ákveðst 350.000 kr., að viðbættum lögmæltum virðisaukaskatti.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

**D ó m s o r ð:**

**I. Ómerking ummæla.**

Eftirfarandi ummæli dæmast dauð og ómerk.

Kröfuliður a.

- 1) „Bréfum er yfirleitt ekki svarað, í besta falli seint og illa.“
- 2) „Þar eru brotnar allar góðar venjur og reglur í stjórnsýslunni.“
- 3) „Saga hennar er svört, vörðuð spillingu, hroka, vanhæfni og eiginhagsmunapotí, og í máli Klöru Njálisdóttur er skömmin kórónuð og langt til jafnað.“
- 4) „Það er ljóst, að það eru margar meinsemdir og innanmein, sem

hrjá líkama þessarar stofnunar, og ég held, að lögfræðideildin sé jafnvel sú illkynjaðasta.“

Kröfuliður b.

„Já, það býr mikið, mikið meira að baki. Þetta er einstakt mál, en toppar eiginlega ósömann. Mál Klöru er eitt skelfilegasta dæmið, sem ég veit um, um hroka og yfirgang kerfisins gagnvart saklausu fólki, sem hefur réttinn sín megin. Það var beinlínis traðkað á henni, var niðurlægð.“

Kröfuliður c.

1) Að lögfræðideildin svari ekki bréfum og orðsendingum.

2) Að saga deildarinnar sé dökk og vörðuð spillingu og eiginhagsmunapotí og hroka, að þar hafi verið margir misjafnir sauðir, sumir spilltir.

3) „Þeir spilltu hafa verið að tínast eitthvað út að undanfögnu. Lögfræðingar hafa í gegnum tíðina stundað fjárplógsstarfsemi í eiginhagsmunaskyni á kostnað fólks í nauðum, þeir hafa ótal sporslur í gegnum uppboðsmeðferð á fólki, sem minnst má sín. Síðan tekur við saga eða röð fjármálamisferla, svika, fjárdráttar og spillingar. Menn hafa verið látnir fara og einhverjar hreinsanir verið gerðar, en það hefur ekki verið fyrr en eftir dúk og disk, og menn hafa setið lengi, lengi, eftir að upp komst. Og það hefur ekki verið hreyft við mönnum fyrr en eftir mikinn utanaðkomandi þrýsting.“

Kröfuliður d.

Ummæli undir þessum kröfulið eru öll dæmd dauð og ómerk.

Kröfuliður g.

Ummæli samkvæmt þessum kröfulið eru dæmd dauð og ómerk.

Kröfuliður h.

Ummæli undir þessum kröfulið eru dæmd dauð og ómerk.

Kröfuliður i.

Ummæli, sem þessi kröfuliður fjallar um, eru dæmd dauð og ómerk.

Kröfuliður j.

Ummæli undir þessum kröfulið eru einnig dæmd í heild dauð og ómerk.

II. Stefndi Sigurður Helgi Guðjónsson greiði 120.000 kr. í sekt til ríkissjóðs, en til vara komi 12 daga varðhald, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

III. Stefnu Sigurður Helgi Guðjónsson og Húseigendafélagið greiði óskipt hverju stefnenda að undanskildum stefnandanum Húsnaðisstofnun ríkisins 20.000 kr. að viðbættum dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá uppsögu dóms þessa til greiðsludags auk vaxtauppfærslu á 12 mánaða fresti, fyrst ári eftir uppkvaðningu dómsins.

Stefnendur eru þessir: Húsnaðisstofnun ríkisins, Sigurður E. Guðmundsson framkvæmdastjóri, Einar Jónsson hdl., Bragi Kristjánsson hdl., Hrannar Jónsson hdl., Gunnhildur Gunnarsdóttir hdl., Margrét Gunnarsdóttir hdl., Hrafnkell Óskarsson lögfræðingur, Sif Guðjónsdóttir lögfræðingur, Sigríður Þorgeirsdóttir lögfræðingur, Guðrún I. Svansdóttir fulltrúi, Margrét Jónsdóttir fulltrúi, Olgeir Möller fulltrúi og Jóhanna Margrét Bragadóttir fulltrúi.

IV. Þá dæmast stefnu Sigurður Helgi Guðjónsson og Húseigendafélagið til að greiða óskipt ofangreindum stefnendum birtingarkostnað, að fjárhæð 200.000 kr. Tildæmd fjárhæð skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá dómsuppsögu til greiðsludags og uppfærslu vaxta skv. 12. gr. vaxtalaga, fyrst 12 mánuðum eftir dómsuppsögu.

V. Stefnu Sigurður Helgi Guðjónsson og Húseigendafélagið greiði ofangreindum stefnendum óskipt 350.000 kr. í málskostnað að viðbættum lögmæltum virðisaukaskatti.

---